# FRÉTTABLAÐIÐ

183. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 4. ÁGÚST 2018


# Lesa heimspeki og horfa á Netflix



Þeir Svanur og Tindur Gabríel voru heimilislausir. Nú búa þeir í Víðinesi og líkar lífið þar vel. Þeir hafa sett niður kartöflur og vilja hafa hænur. →22

FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÖRSTEINN



## Spennandi tilraunir systkina

Victoria og Ólafur Elíasarbörn og veislan í Marshallhúsinu. →16



## Stærsta ferðahelgi ársins runnin upp

Stærstu hátíðirnar, veðrið og góð ráð fyrir ferðalanga. →12



## Mættur aftur til leiks

Björgvin Stefánsson misnotaði róandi lyf. →18


FJÓRFALDIR VILDARPUNKTAR ICELANDAIR

hjá Olís og ÓB alla verslunarmannahelgina, 2.–6. ágúst

olís

Vinur við veginn



Njótum þess að ferðast — og fagra strauma sendum. Förum bara varlega — hvar svo sem við endum.

Opið alla daga frá 8–24 í Lágmúla og á Smáratorgi

LYFJA – Lífið heil

## Veður




Norðlæg eða breytileg átt, 3-8 í dag, skýjað á N- og A-landi og lítils háttar rigning eða súld fram eftir morgni, en skýjað með köflum og stöku síðdegisskúrir S- og V-lands. Hiti 9 til 18 stig. SJÁ SÍÐU 32



**Skaftá við Kirkjubæjarklaustur í gærkvöldi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Gasið lúmskasta hættan

**NÁTTÚRA** Lúmskasta hættan af Skaftárhlaupinu stafar af brennisteinsvetni í hlaupvatninu. Þetta segir Snorri Zóphóníasson, sérfræðingur í mælarekstri hjá Veðurstofunni. „Það er þannig að ef maður er of nálægt þá fer það í tárin í augunum og slímhúðina í lungunum og breytir vökvanum þar í sýru. Menn fá brunasár á augu og lungu. Það verður hreinlega til brennisteinssýra úr vökvanum,“ segir Snorri.

Snorri segir að enginn ætti að koma nálægt upptökum árinnar og að minnsta kosti tuttugu kílómetra niður með henni. Einnig þurfi að huga að vindátt. „Síðan rýkur þetta úr vatninu. Þegar maður kemur neðar er þetta ekki svona magnað.“

Að sögn Snorra var farið að draga úr þeirri miklu hækkun sem varð á vatnshæð hlaupsins skömmu eftir að það braust undan jöklinum stuttu eftir hádegi í gær, fyrr en vísindamenn höfðu spáð, þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gærkvöld. Snorri segist hafa skoðað mörg hlaup aftur í tímann og segir þennan bratta ekki óvenjulegan við upphaf hlaups.

Ríkisútvarpið greindi frá því í gær að björgunarsveitarfólk hafi fundið um kvöldmatarleytið tvo hópa göngumanna á svæðinu þar sem hlaupið fór um þegar unnið var að rýmingu svæðisins og hjálpað þeim við að komast leiðar sinnar. – **þea**

## Ítalir í lausu lofti



**Hin glæsilega ítalska seglskúta Amerigo Vespucci lagði að bryggju í Reykjavíkurhöfn í gær. Herskipið, sem á heimahöfn í La Spezia á Ítalíu, verður í Reykjavík til mánudags. Almenningi gefst tækifæri til að skoða sig um í skipinu í dag milli klukkan 11.00 og 12.30 og milli 15.00 og 17.30 og á morgun milli klukkan 11.00 og 12.30 og aftur á milli 15.00 og 21.00. Sjóliðarnir voru í gær að fínstilla flókið samspil ráa og reiða.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGRTYGGUR ARI



**Á Blöndubökkum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Allt agn leyft á yfirfalli í Blöndu

**STANGVEIÐI** „Þegar áin er komin á yfirfall er allt agn leyfilegt í Blöndu. En alls ekki fyrr!“ segir á vef Lax-ár sem selur laxveiðileyfi í Blöndu.

Landsvirkjun gaf út á fimmtudag að miðlunarlón fyrir virkjanir fyrirtækisins væru að fyllast eftir rigningartíð. Það vantaði tíu sentimetra upp á að Blöndulón fylltist. Áin færi þar með á yfirfall. Það gerir laxveiðimönnum erfitt fyrir. Búast má við að veiði verði dræm eftir þetta. Það eru ekki góð tíðindi því aðeins hafði veiðst 771 lax í Blöndu í lok júlí. Meðalveiði síðustu fimm ár er 2.638 laxar. – **gar**

# Bjuggust við fleirum í strætisvagninn til Eyja

**Vinkonurnar Vigdís og Stefanía voru á leið á sínu fyrstu Þjóðhátíð í gær og tóku enga áhættu og mættu fjörutíu mínútum fyrir brottför strætó í Landeyjahöfn. Útihátíðir í boði víða um land og virtist straumurinn í gær liggja í allar áttir.**

**FERÐALÖG** „Við héldum að það yrðu það margir á leið í strætóinn í Landeyjahöfn að við mættum 40 mínútum fyrir brottför,“ sögðu vinkonurnar Vigdís Kristín Rohleder og Stefanía Helga Sigurðardóttir sem voru mættar í Mjóddina vel tímanlega fyrir áætlaða brottför strætisvagns númer 52 í Landeyjahöfn.

Úr Landeyjahöfn áttu Vigdís og Stefanía bókað far með Herjólfi til Eyja þar sem þær ætluðu á Þjóðhátíð. Báðar er þær nýorðnar nítján ára gamlar. Hvorug þeirra hefur farið áður á Þjóðhátíð og kváðust mjög spenntar að fara.

Fimmtán mínútum fyrir brottför voru aðeins sex manns að bíða eftir strætisvagninum en rétt fyrir brottför hafði hópurinn stækkað upp í ríflega tuttugu.

„Vinir okkar eru þegar komnir út í Eyjar og tóku fyrir okkur tjöldin og ýmislegt annað. Ég held reyndar að margir hafi annaðhvort ekið sjálfir í Landeyjahöfn eða hreinlega fengið einhvern til þess að skutla sér,“ sagði Vigdís.

Auk Þjóðhátíðar í Eyjum eru fjölmargar útihátíðir um allt land nú um helgina að venju. Þær helstu eru Neistaflug í Neskaupstað, Norðanpaunk á Laugarbakka, Innipúkinn í Reykjavík, Halló Akureyri, Mýrarbolti í Bolungarvík, Sæludagar í Vatnaskógi, Kotmót Hvítasunnukirkjunnar í Fljótshlíð og Flúðir um versló.

Þá er ótalið Unglingalandsmót UMFÍ í Þorlákshöfn þar sem búist er við margmenni í miklu stuði. Kort af úthátíðum helgarinnar er á á síðu 12.

Suðurlandsvegi var lokað við Landvegamót, austan við, um klukkan þrjú í gær vegna umferðarslyss og ekki opnaður aftur fyrr en rúmum tveimur tímum síðar. Ökumönnum var beint um hjáleið og olli slysið nokkrum töfum á umferð. Um var að ræða árekstur bifhjóls og jepplings. Slasaðist einn bifhjólamaður töluvert en annar minna.

sigtryggur@frettabladid.is
gar@frettabladid.is




**Farþegar stigu spenntir um borð í vagn númer 52.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Vinir okkar eru þegar komnir út í Eyjar og tóku fyrir okkur tjöldin og ýmislegt annað**
>
> Vigdís Kristín Rohleder



**Stefanía Helga Sigurðardóttir og Vigdís Kristín Rohleder í miklu stuði.**






HYBRID **Orkuskiptin eru hafin!** Gríptu tækifærið og kauptu Hybrid á góðum kjörum.

Finndu gleðina í hljóðlátum og liprum Auris, hvort heldur með bensínvél eða í Hybrid útfærslu sem hleður sig sjálf í akstri. Lífgaðu upp á daginn með fararskjóta sem skartar ríkulegum staðalbúnaði og tekur sig jafn vel út að innan og utan. Láttu hjartað ráða för í sumar.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**Vildarpunktar Icelandair með öllum nýjum Toyotum.**

5 3+2 ÁBYRGÐ FLEX

**Toyota Kauptúni** Kauptúni 6

**Toyota Akureyri** Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ** Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi** Fossnesi 14

*Samkvæmt opinberum mælingum DRIVECO, CARe og ENEA á akstурstíma Hybrid bíla í blönduðum akstri, án aðkomu bensínvélar. Sjá nánar á www.toyota.is.
Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

**TÖLUR VIKUNNAR** 29.07.2018 – 04.07.2018



**43**
tónleikar með Paul McCartney eru komnir í bækur Davíðs Steingrímssonar sem stefnir á að fara á sína fimmtugustu tónleika með bítlinum áður en árið er á enda.

**26**
þúsund manns horfðu á einhvern hluta útsendingar RÚV frá fullveldishátíð Alþingis á Þingvöllum þann 18. júlí síðastliðinn.





**600**
milljónir króna eru greiddar í arð út úr Guide to Iceland sem rekur markaðstorg fyrir íslensk ferðaþjónustufyrirtæki.

**2,7**
milljarðar króna töpuðust á rekstri Icelandair Group mánuðina apríl, maí og júní og alls sex milljarðar á fyrstu sex mánuðum ársins.





**24,7**
stiga hiti mældist á Patreksfirði í hitabylgju sem gekk yfir landið síðastliðinn sunnudag.

## Þrjú í fréttum
## Nemendaleysi, óvænt gjald og símhringingar

**Vigdís Grímsdóttir**
*skólastjóri Finnbogastaðaskóla*



sagði skólann ekki verða starfræktan sem grunnskóla næsta skólaár. Hins vegar verður boðið upp á tvö námskeið fyrir krakka í nálægum sveitarfélögum. „Það er aðeins einn nemandi hér í hreppnum, tíu ára gömul telpa. Hún fer í skóla á Drangsnesi, næsta þorpi,“ útskýrði Vigdís.

**Bjarnheiður Hallsdóttir**
*framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar*



gagnrýndi stjórnsýslu þjóðgarða í landinu harðlega í aðsendri grein. Sagði gjaldskrárbreytingar kynntar með of stuttum fyrirvara. „Eru fyrirvaralausar og íþyngjandi gjaldahækkanir upp á hundruð milljóna í besta falli óskiljanlegar og verða að teljast óþolandi stjórnsýsla og virðingarleysi við þá sem reka ferðaþjónustufyrirtæki,“ skrifaði hún.

**Ása Karen Baldurs**
*nemi*



fékk vegna mislesturs á landsnúmeri miklu fleiri símtöl en hún kærði sig um frá reiðum farþegum WOW air sem vildu endurheimta glataðan farangur. Ása, sem starfar ekki fyrir WOW, reyndi fyrst að vera hjálpleg en gafst upp. WOW hafi sagt henni að ekkert væri við þessu að gera. Er Fréttablaðið hafði samband við WOW kvaðst fyrirtækið ætla að skipta um númer og færði Ásu gjafabréf.

# Eftirspurn eftir flugi gæti dalað

**Aðalhagfræðingur Íslandsbanka telur líklegt að hærri fargjöld muni draga úr eftirspurn eftir flugi. Dósent í hagfræði segir vöxt Keflavíkurflugvallar sem flutningamiðju hafa verið drifkraftinn að baki fjölgun ferðamanna.**




**Hækkandi olíuverð eykur kostnað flugfélaga.Talið er að sá kostnaður birtist í hærri fargjöldum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**FERÐAÞJÓNUSTA** Líklegt er að dýrari olía og þar með hærri flugfargjöld muni draga úr eftirspurn eftir flugi, að mati Jóns Bjarka Bentssonar, aðalhagfræðings Íslandsbanka. „Ef fargjöldin taka að hækka, krónan helst áfram sterk og kostnaður fer hækkandi, þá er hætt við því að það geti haft neikvæð áhrif á ferðamannastrauminn hingað til lands,“ nefnir hann í samtali við Fréttablaðið.

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, segir að hærri fargjöld geti vissulega haft þau áhrif að fólk ferðist minna. Lágt olíuverð og lág fargjöld hafi átt þátt í vexti ferðaþjónustunnar.

„Meira máli skiptir þó að Keflavíkurflugvöllur hefur verið ryðja sér til rúms sem flutningamiðja á Atlantshafi. Sá vöxtur hefur skapað margar beinar og breiðar leiðir til landsins frá bæði Bandaríkjunum og Evrópu og aukið aðgengi að landinu. Það hefur verið megindrifkrafturinn að baki mikilli fjölgun ferðamanna á undanförnum árum,“ segir Ásgeir.

Heimsmarkaðsverð á eldsneyti hefur hækkað um hátt í 50 prósent á síðustu tólf mánuðum með tilheyrandi kostnaðarauka fyrir flugfélög. Greinendur reikna fastlega með því að sá kostnaður, en olíukostnaður er að jafnaði næststærsti kostnaðarliður flugfélaga, muni birtast í hærri flugfargjöldum síðar á árinu.

„Við gerum áfram ráð fyrir því að til lengri tíma muni hækkun aðfanga leiða til hækkunar meðalverðs,“ var haft eftir Björgólfi Jóhannssyni, forstjóra Icelandair Group, í afkomutilkynningu félagsins fyrr í vikunni. Undir það hafa forstjórar annarra evrópskra flugfélaga tekið. „Það er enginn vafi á því að fargjöld munu hækka,“ sagði Michael O'Leary, forstjóri Ryanair, í samtali við Bloomberg fyrr í sumar.

> **Meira máli skiptir að Keflavíkurflugvöllur hefur verið ryðja sér til rúms sem flutningamiðja á Atlantshafi.**
>
> Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands



Jón Bjarki bendir á að lág flugfargjöld hafi á síðustu árum stutt við öran vöxt í fjölda ferðamanna hér á landi. „Á seinni árum ferðamannauppsveiflunnar – eftir að gengi krónunnar hafði styrkst verulega – hafði það áhrif þegar erlendir ferðamenn voru að velta Íslandi fyrir sér sem áfangastað hvað flugfargjöld voru orðin ódýr. Það vó á móti dýrtíðinni hér á landi,“ segir hann.

> **Ef fargjöldin taka að hækka, krónan helst áfram sterk og kostnaður fer hækkandi er hætt við því að það geti haft neikvæð áhrif á ferðamannastrauminn.**
>
> Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka



Jón Bjarki telur að heilt yfir séu horfur á minni vexti ferðaþjónustunnar. Þess sjáist þegar ýmis merki. „Það eru engin hættumerki á lofti um að hér verði samdráttur en það lítur út fyrir að vöxturinn verði býsna hægur í ár,“ segir hann.

Ásgeir nefnir að beinum flugferðum til og frá Íslandi, í gegnum Keflavíkurflugvöll sem höfn, hafi fjölgað verulega með tilheyrandi netáhrifum. Fjölmörg flugfélög fljúgi nú hingað til lands.

„Ég tel að þessi þróun haldi áfram, hvort sem íslensku flugfélögin verði áfram leiðandi í þeirri þróun eða hve mikið af þessu ferðafólki gerir sér ferð inn í landið sjálft. Í stóra samhenginu skiptir sú þróun meira máli en þróunin á olíuverði eða afkoma íslensku flugfélaganna. Ísland er að fara að verða umferðarmiðstöð Atlantshafsins.“

Ásgeir segir aðspurður að vöxtur ferðaþjónustunnar verði ekki lengur eins „fyrirhafnarlaus“ og verið hefur. „Við munum þurfa að vinna heimavinnuna okkar til þess að ná áframhaldandi árangri. Það þýðir ekki eingöngu að reiða sig á sjarma landsins líkt og verið hefur. Fyrirtæki í ferðaþjónustu þurfa að huga betur að rekstrinum og hvaða hópum þau ætla að þjóna. Miklar kostnaðarhækkanir og gengishækkun hafa sett gríðarlegan þrýsting á hagræðingu í greininni,“ segir Ásgeir. **kristinningi@frettabladid.is**






# Valitor tapaði ríflega 200 milljónum

**VIÐSKIPTI** Greiðslukortafyrirtækið Valitor, sem er í eigu Arion banka, tapaði 204 milljónum króna fyrir skatta á öðrum fjórðungi ársins. Til samanburðar skilaði félagið 1.045 milljóna króna hagnaði á sama tíma í fyrra.

Fram kemur í árshlutareikningi Arion banka, sem birtur var á fimmtudag, að rekstrartekjur Valitors hafi numið 1.871 milljón króna á öðrum ársfjórðungi borið saman við 2.779 milljónir króna á öðrum fjórðungi síðasta árs. Þá námu rekstrargjöld kortafyrirtækisins 2.050 milljónum króna á öðrum fjórðungi ársins en þau voru 1.742 milljónir króna á sama tíma í fyrra.

Alls tapaði Valitor 769 milljónum króna fyrir skatta á fyrstu sex mánuðum ársins.

Eignir kortafyrirtækisins námu auk þess 45.536 milljónum króna í lok júnímánaðar borið saman við 46.031 milljón á sama tíma á síðasta ári. Heildarskuldir voru 29.900 milljónir í lok júní síðastliðins en þær voru 29.632 milljónir í lok júní í fyrra.



**Viðar Þorkelsson, er forstjóri Valitors, en greiðslukortafyrirtækið er í eigu Arion banka.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í fimm ára áætlun félagsins er gert ráð fyrir að það skili rekstrarhagnaði innan fáeinna ára.

Arion banki hefur sem kunnugt er fengið alþjóðlega ráðgjafa til þess að meta hvernig best sé að haga framtíðareignarhaldi Valitors. Kemur meðal annars til greina af hálfu bankans að selja meirihluta í félaginu. **– kij**




## Passat GTE á hagstæðu verði. Góð ástæða til að skipta um orkugjafa.

Á **Passat GTE** kemstu flestra þinna ferða á raforkunni einni saman, en í langferðum tekur sparneytin bensínvélin við. Þú þarft aldrei aftur að fara inn í kaldan bíl eða týna honum á bílastæðinu. Í gegnum Car-Net appið getur þú notað snjallsímann sem fjarstýringu fyrir þinn Passat GTE. Komdu í reynsluakstur og upplifðu snerpuna.

**Passat GTE**
**Bakkmyndavél, LED aðalljós, 17" álfelgur ofl.**
**4.690.000 kr.***

**Passat GTE Comfort**
**Bílastæðaaðstoð, lyklalaust aðgengi, leiðsögukerfi ofl.**
**5.090.000 kr.**

**Passat GTE Premium**
**Sóllúga, WiFi, 18" álfelgur, leðursæti ofl.**
**5.870.000 kr.**

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

**Við látum framtíðina rætast.**

Til afhendingar strax!

**Volkswagen**

*Passat Variant, station útgáfa +100.000 kr.

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum




Best Western Sevastopol Hotel er farið af Krímskaga. NORDICPHOTOS/GETTY

# Síðasta vestræna hótelið flýr burt af Krímskaga

**ÚKRAÍNA** Síðasta vestræna hótelið á Krímskaga, Best Western Sevastopol Hotel í eigu bandaríska fyrirtækisins Best Western Hotels & Resorts, hefur hætt rekstri. Reuters greindi frá þessu í gær og hafði eftir tveimur starfsmönnum. Ástæðan er viðskiptaþvinganir sem innleiddar voru eftir að Rússar innlimuðu svæðið.

Hótel er enn þá starfrækt í byggingunni en það heitir nú einfaldlega Sevastopol Hotel and Spa. Samkvæmt Reuters var Best Western hótelið eitt síðasta merkið um veru alþjóðlegra fyrirtækja á skaganum en þau hafa horfið á braut frá innlimuninni 2014. Á meðal þeirra stórfyrirtækja sem hafa farið af Krímskaga eru til að mynda McDonald's og Radisson Hotels.

Með þvingununum var bandarískum fyrirtækjum bannað að starfa á Krímskaga og fjárfesta á svæðinu. Ekki má eiga viðskipti við einstaklinga frá skaganum og fyrirtæki þaðan og því er ómögulegt fyrir vestræn fyrirtæki að skipta við banka á svæðinu.

Best Western rekur sjálft engin hótel heldur leigir fyrirtækjum víða um heim afnotarétt af vörumerkinu, líkt og til dæmis skyndibitakeðjan Subway gerir auk margra annarra. Heimildarmaður Reuters sem starfar á hótelinu sagði við miðilinn að fyrirtækið hafi einfaldlega hætt að greiða fyrir afnotaréttinn. Annar sagðist ekki vita hvort það hafi verið ákvörðun Best Western eða rekstraraðilans á Krímskaga.

Innlimun Rússa á Krímskaga, sem alþjóðasamfélagið álítur enn hluta Úkraínu, var fordæmd á alþjóðavettvangi. Evrópusambandið og Bandaríkin hafa innleitt þvinganir vegna innlimunarinnar en Rússar sögðust vera að vernda rússneskumælandi íbúa skagans á Krímskaga og báru það fyrir sig að þetta væri vilji meirihluta íbúa hans. – þea

# Hvergi af baki dottinn

**Forsetakosningar í Simbabve draga dilk á eftir sér. Stjórnarandstæðingurinn segir niðurstöðurnar falsaðar og ætlar í mál. Forsetinn vísar ásökunum á bug.**



Nelson Chamisa er ekki par sáttur við kjörstjórn landsins. NORDICPHOTOS/AFP

**SIMBABVE** Nelson Chamisa, leiðtogi Hreyfingarinnar fyrir lýðræðisumbætur (MDC), viðurkennir ekki úrslit forsetakosninga Simbabve. Chamisa laut í lægra haldi fyrir Emmerson Mnangagwa, sitjandi forseta og frambjóðanda Afríska þjóðarbandalags Simbabve (ZANU-PF).

Tilkynnt var um úrslitin á fimmtudagskvöld en kosið var á mánudag. Chamisa fékk 44,3 prósent atkvæða, Mnangagwa 50,8 prósent og slapp þannig við aðra umferð kosninga.

„Þessi skandall landskjörstjórnar, að birta ósannreyndar og falskar niðurstöður, er harmleikur. Kjörstjórn neitaði eftirlitsfulltrúum okkar um aðgang að niðurstöðunum áður en þær voru kynntar almenningi. Kjörstjórn verður að birta raunverulegar og sannreyndar niðurstöður sem báðir flokkar samþykkja. Þessi skortur á gagnsæi, sannleika, almennu siðferði og samfélagslegum gildum er ótrúlegur," tísti stjórnarandstöðuleiðtoginn í gær.

Chamisa sagði á blaðamannafundi að hann myndi leita allra leiða til þess að fá niðurstöðunni hnekkt. Hann væri tilbúinn að fara fyrir dómstóla með málið. Flokkur hans, MDC, hafði fullyrt eftir kosningarnar að Chamisa væri sigurvegari. Chamisa sagði til að mynda sjálfur að ef Mnangagwa hefði í raun unnið hefðu niðurstöðurnar verið kynntar fyrr. Landskjörstjórn hafi tafið tilkynninguna til þess að „eiga við tölurnar".

Mnangagwa hafnaði öllum ásökunum um svindl í gær og sagðist einfaldlega hafa unnið á sanngjarnan hátt. Hann gagnrýndi það þó að lögregla hafi komið í veg fyrir að blaðamenn fengju að sækja blaðamannafund andstæðingsins Chamisa. „Það sem gerðist á Bronte-hótelinu á ekki að eiga sér stað í okkar samfélagi og við erum nú að rannsaka málið," tísti Mnangagwa. Eftirlitsaðilar á vegum Evrópusambandsins sögðu á miðvikudag að ýmislegt hefði mátt betur fara. Fjölmiðlar hafi hvergi nærri verið hlutlausir, hræðsluáróðri hafi verið beint að kjósendum og þá sé landskjörstjórn rúin trausti.

Simbabveski miðillinn Newsday greindi frá því í gær að kjörstjórn hafi til að mynda lýst þingframbjóðanda ZANU-PF í Chegutu West sigurvegara en eftir að hafa farið fram á að sjá tölurnar var frambjóðandi MDC lýstur réttmætur sigurvegari.

Stræti Harare voru, samkvæmt simbabveskum fjölmiðlum, óvenju hljóðlát í gær þrátt fyrir að borgin sé helsta vígi MDC. Lögreglumenn voru á hverju strái en líklega voru MDC-liðar hræddir við að mótmæla eftir atburði miðvikudagsins. Brutust þá út átök milli mótmælenda og lögreglu sem kostuðu sex mótmælendur lífið.

thorgnyr@frettabladid.is



# Meira svona alla helgina




**Ginger Beer**

Fyrir þá sem vilja þægilegt og gott engiferbragð í sinn Moscow Mule

**Fiery Ginger Beer**

Búinn til með ferskum engifer og kryddi sem rifur í. Tilvalið fyrir þá sem vilja Moscow Mule með miklu engiferbragði

LLANLLYR SOURCE
PREMIUM WATER AND MIXERS

**Llanllyr Source**

Ginger Beer og Fiery Ginger Beer.

**199** kr/stk

Tilboð gilda út 6. ágúst



**Fumagalli ítölsk hráskinka, salami og Pancetta**

Ítölsk gæðavara. Lífræna línan

verð frá **599** kr/pk




**Olw snakk**

Frábær ferðafélagi

verð frá **179** kr/stk




**Marzetti**

Spennandi nýjung í salatið.

verð frá **399** kr/pk




**Haust kex**

Hafra- og heilhveitikex.

**219** kr/stk




**Philadelphia rjómaostar**

Þegar gæði skipta máli

verð frá **499** kr/stk




**Krispy Kreme kaffi**

Hin fullkomna kaffiblanda. 100% Arabica. Baunir og malað. Framleitt af Te & Kaffi

**998** kr/pk

24

**Opið allan sólarhringinn**
**Garðabæ og Skeifunni**

HAGKAUP

Meira svona alla daga

# Raunveruleg nánd



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Stórfyrirtæki keppast við að laða til sín viðskiptavini og beita meðal annars lokkandi auglýsingum. Ekkert skal til sparað þegar kemur að því að sannfæra viðskiptavininn um að vara fyrirtækisins sé nokkuð sem neytandinn þurfi mjög nauðsynlega á að halda. Slík fyrirtæki eru sannarlega ekki líkleg til að auglýsa: Ekki eyða of miklum tíma hjá okkur því þið gætuð tapað vitglórunni! Þetta gerðu forsvarsmenn Facebook þó nýlega í bloggfærslu þar sem þeir viðurkenndu slæm áhrif þess að dvelja lengi á samfélagsmiðlinum.

Hver rannsóknin á fætur annarri sýnir að það hefur slæm áhrif á andlega heilsu einstaklinga að eyða miklum tíma á samfélagsmiðlum. Forsvarsmenn Facebook hefðu auðveldlega getað leitt þessar niðurstöður hjá sér, ekki græða þeir stórkostlegar upphæðir á því að viðurkenna að miðillinn sé ekki sú sáluhjálp sem dyggustu notendur hans ætla. Það er stórmerkilegt að fyrirtæki sem hefur hag af því að viðskiptavinirnir eyði sem mestum tíma hjá því skuli áminna fólk um að gera ekki of mikið af slíku þar sem það geti skaðað andlega heilsu þess.

Nú hafa forsvarsmenn Facebook og Instagram ákveðið að koma með viðbót á samfélagsforrit sín þar sem notendur geta áttað sig á því hversu lengi þeir hafa verið á viðkomandi samfélagsmiðli. Þetta er viðleitni, en engin lausn. Neytendur eiga auðveldlega að geta áttað sig á því sjálfir hversu miklum tíma þeir eyða á samfélagsmiðlum. Stór hópur fólks er mjög meðvitaður um að eyða þar ekki óhóflegum tíma. Svo er hinn hópurinn sem kann hvergi betur við sig en á samfélagsmiðlum. Í þau fáu skipti sem þessir einstaklingar eru fjarri þeim miðlum þjást þeir nánast af aðskilnaðarkvíða. Sumir eru orðnir svo háðir miðlunum að þeir eru í hálfgerðu leiðsluástandi við notkun á þeim og glata öllu tímaskyni. Ekki er líklegt að þeir læknist af fíkninni þótt Facebook og Instagram gefi þeim vísbendingar um að þeir séu að eyða hættulega miklum tíma þar.

Samfélagsmiðlar hafa margt til síns ágætis og gera lífið óneitanlega oft þægilegra. Þar er fólk leitt saman og deilir sögum, myndum og skilaboðum. Slík samskipti koma þó ekki í staðinn fyrir hin raunverulegu samskipti þar sem fólk hittist augliti til auglitis. Raddblær skiptir máli í samskiptum fólks. Það gerir snerting einnig, faðmlag, handaband eða vinalegar strokur sem eru til marks um vinarþel og flokkast ekki undir káf. Broskallar eru ágætir til síns brúks en koma ekki í staðinn fyrir þau bros sem fólk sem nær vel saman sendir hvað öðru. Hin raunverulega nánd skiptir máli en samt eru ansi margir sem forðast hana. Dag hvern sjást fjölskyldur og vinahópar sitja saman, en það er eins og enginn sé á staðnum því allir eru uppteknir í tækjunum sínum og telja sig eiga þar í mikilvægum samskiptum við aðra. Um leið veita þessir sömu einstaklingar nánast enga athygli fólkinu sem þeir sitja með. Það er engin nánd milli fólks því allir eru heillaðir af tækjunum sínum. Meira að segja forsvarsmenn Facebook sjá að þetta er ekki í lagi.

**Það er eins og enginn sé á staðnum því allir eru uppteknir í tækjunum sínum og telja sig eiga þar í mikilvægum samskiptum við aðra.**

## Framlagning kjörskrár

Kjörskrá vegna íbúakosningar um miðbæjarskipulag Sveitarfélagsins Árborgar, sem haldnar verða laugardaginn 18. ágúst 2018, skal lögð fram eigi síðar en 8. ágúst 2018.
Kjörskrá skal leggja fram á skrifstofu sveitarstjórnar eða á öðrum hentugum stað sem sveitarstjórn ákveður.
Þeim sem vilja koma að athugasemdum er bent á að senda þær sveitarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar.

*Dómsmálaráðuneytinu,*
*4. ágúst 2018*

Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Lífið er listi

Einu sinni var lífið list. Nú er það listi.

Óopinber endalok sumars eru handan hornsins. Að lokinni verslunarmannahelgi vaknar raunveruleikinn af sumardvala. Verkefni vetrarins skjóta frjóöngum, vaxa og verða að löngum listum: Það vantar nýja kuldaskó á börnin; er búið að skrá Siggu litlu á fótboltanámskeiðið og Jón litla í píanótímana? Yfirmaðurinn er kominn heim úr fríinu. Hann var að senda tölvupóst. Þarf að svara. Set það á listann. Hvar eru skólatöskurnar aftur? Síminn pípar. Sms. Stílabækurnar; hvað þarf að kaupa margar? Ekki gleyma blýöntunum. Síminn pípar. WhatsApp. Siggu er boðið í afmæli hjá Jónu. Beint í Kringluna. Ha, er mjólkin búin? Ókei: Afmælisgjöf, mjólk, brauð, bananar, ostur. Tölvupóstur. Yfirmaðurinn. Fundur á morgun. Set það á listann. Fréttirnar. Þarf að kíkja á fréttirnar. Og Facebook. Ekki gleyma Instagram. Skúra gólfið. Eru að koma jól? Gjafalisti. Jólakortin. Síminn pípar. Tölvupóstur. Þarf að svara. Set það á listann. Listinn. Hvar er listinn? Þarf að finna listann. Set það á listann.

### Umbun sýndarathafna

Innkaupalistar. Minnislistar. Aðgerðalistar. Við þekkjum öll sæluna sem fylgir því að leysa verk af höndum; strika yfir atriði á lista. Rannsóknir sýna að í hvert sinn sem við ljúkum verkefni eykst magn taugaboðefnisins dópamíns í heila. Dópamín framkallar ánægju, veldur með okkur vellíðan og orsakar jafnvel sigurtilfinningu.

Listar eru mikilvæg líflína á annasömum tímum. Þeir fleyta okkur gegnum daginn, halda okkur á floti. Eða það höldum við. Æ fleiri eru þeirrar skoðunar að listar séu þvert á móti þungt farg sem sökkvir okkur í hyldýpi tilgangsleysis og leiðir okkur á glapstigu. Fall okkar er falið í efnafræði ánægjunnar.

Vegna gleðinnar sem það veitir okkur að klára verkefni sækjum við ítrekað í litlu og auðveldu verkin á aðgerðalistanum: svara tölvupósti, hringja símtal, halda fund. Könnun sem Microsoft gerði meðal skrifstofufólks í Bretlandi sýnir að 77% þess telur sig hafa átt árangursríkan dag hafi það ekki áorkað öðru en að svara öllum ólesnu tölvupóstunum í innhólfinu.

Slíkur árangur er þó aðeins tálsýn. Því á meðan við sitjum við tölvuna í dópamín-vímu og svörum fleiri og fleiri tölvupóstum er eiginlegur afrakstur oft enginn. Í stað þess að byrja á stóru skáldsögunni förum við út í búð og kaupum nýja stílabók. Í stað þess að skrifa efnisgrein í hundrað síðna skýrslu höldum við fund. Í stað þess að forrita nokkrar línur af kóða í margra ára hugbúnaðarverkefni dútlum við með Post-it miða. Í stað þess að setjast niður og spjalla við börnin um daginn og veginn kaupum við handa þeim límmiðabók. Í stað þess að klára viðskiptaáætlunina endurskipuleggjum við aðgerðalistann.

En hvernig getum við brotist undan þessari fíkn í tafarlausa umbun slíkra sýndarathafna?

### Á dánarbeðinum

Ímyndum okkur að lífið sé dagatal. Við horfum inn í framtíðina. Hver einasti númeraði ferningur er tómur. Það er ekkert á dagskrá, við höfum ekkert að gera. Það er þetta viðhorf sem kemur okkur í klandur.

Þegar við skráum fund í dagatalið teljum við okkur skipuleggja viðburð á tíma sem ekkert stóð til. Ferningurinn var jú tómur. Slíkt er rökvilla. Þegar við skráum fund í dagatalið stelum við stund frá stóru verkefnunum: Skáldsögunni sem á að skrifa, forritinu sem stendur til að smíða, börnunum sem þarf að koma til manns. Því dagatalið er aldrei tómt. Það er fullt af lífi – það er fullt af lífi þangað til við kaffærum það í svo mörgum sýndarathöfnum að ekki gefst tími til að horfa á sólarlagið, lesa bók, fara í fjallgöngu, veiðiferðina, matarboðið, göngutúrinn ...

Á dánarbeðinum mun enginn líta til baka og hugsa til þess með stolti að hafa svarað öllum tölvupóstunum í innhólfinu áður en kallið kom. Njótið verslunarmannahelgarinnar, kæru landsmenn – og munið þegar þið snúið til baka í veruleika listanna að fríi loknu að það er aðeins einn listi sem skiptir máli. Sá listi kallast lífið.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is,* Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is,* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# KRÓNAN




## 100% hamborgara-búðin þín!

120g - 579 kr. pk.
175g - 859 kr. pk.

★★★

**NÝ AÐFERÐ**
Betri hamborgari!

★★★

alltaf 2 stk. í pakka




Fylltir hamborgarar, 2x120 g

**599** kr. pk.

Gestus snakk, 175 g

**149** kr. pk.







12 smáborgarar og brauð, Fabrikkusósa, salt og pipar

**1999** kr. pk.

## OPIÐ

VERSLUNARMANNAHELGINA*


Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

FRÉTTABLAÐIÐ
SPORT

# Sýndi ungur afburðagáfur

Kári Jónsson er búinn að semja við spænska stórliðið Barcelona. Hann mun leika með B-liði félagsins. Finnur Freyr Stefánsson þjálfaði Kára í yngri landsliðum Íslands og þekkir vel til Hafnfirðingsins knáa.

**KÖRFUBOLTI** Kári Jónsson tók risastórt skref á ferli sínum þegar hann skrifaði undir sinn fyrsta atvinnumannasamning og það var ekkert smálið sem verður fyrsti vettvangur hans í frumraun hans sem atvinnumaður. Hafnfirðingurinn samdi nefnilega við spænska stórliðið Barcelona, en hann mun æfa og spila með B-liði félagsins sem leikur í spænsku B-deildinni fyrst um sinn.

Kári, sem er tvítugur, lék undir stjórn Finns Freys Stefánssonar þegar hann sló í gegn með U-20 ára landsliðinu í fyrra og hittifyrra. Íslenska liðið fór upp úr B-deild mótsins árið 2016 og lenti svo í áttunda sæti í A-deildinni árið eftir. Finnur Freyr telur að góð spilamennska hans þar hafi vakið athygli útsendara Katalónanna.

„Það var fljótlega ljóst að Kári hafði einstakar körfuboltagáfur og að hann skildi leikinn afburða vel. Ég byrjaði að kljást við hann í yngri flokkunum og maður sá það strax að hann myndi komast langt. Hann hafði gríðarlegan leikskilning og þegar ég þjálfaði hann í U-15 og U-16 ára landsliðunum var hann með mjög þroskaðar pælingar um taktík og hvernig leikmenn myndu blómstra inni á vellinum,“ sagði Finnur Freyr um Kára.

„Kári sýndi það þegar hann spilaði með okkur á Evrópumóti leikmanna yngri en 20 ára að hann er í sama gæðaflokki og sterkustu leikmenn í Evrópu í hans aldursflokki. Þarna voru ekki þeir leikmenn sem voru komnir að hjá NBA-liðum, en sterkustu leikmenn sem leika í Evrópu á þessum aldri og Kári stóðst þeim fyllilega snúning. Það kom honum á kortið og hann er að njóta góðs af því. Auk þess sem sú staðreynd að við fórum tvívegis á EuroBasket í A-landsliðinu varð til þess að útsendarar fóru að líta til íslenskra leikmanna,“ sagði Finnur um þróun Kára sem leikmanns.



Kári var með 19,9 stig, 4,6 fráköst og 4,9 stoðsendingar að meðaltali í leik með Haukum í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

> Það er nokkuð langur vegur á milli þess að leika með B-liði Barcelona og koma sér að hjá aðalliðinu. En vonandi notar Kári þetta sem stökkpall til þess að komast enn lengra.
>
> Finnur Freyr Stefánsson

„Það sem hann skortir aðallega er líkamlegur styrkur og því mun hann klárlega bæta við sig hjá Barcelona. Hann mun fara í gegnum sama módel og aðalliðið hjá B-liðinu og vera í umhverfi þar sem hann á alla möguleika á að taka næsta skref sem leikmaður. Það er auðvitað mikill munur á gæðum leikmanna í A- og B-liðunum, en það er samgangur á milli liða og hann er að fara að æfa að einhverju leyti með aðalliðinu og hann mun græða helling á því,“ sagði Finnur um þetta skref Kára.

„Það er nokkuð langur vegur á milli þess að leika með B-liði Barcelona og koma sér að hjá aðalliðinu. En vonandi notar Kári þetta sem stökkpall til þess að komast enn lengra. Það er hins vegar ekkert slor að vera farinn að leika í spænsku B-deildinni á þeim aldri sem hann er á og það verður spennandi að sjá hann leika þar næsta vetur. Honum eru allir vegir færir í framtíðinni ef hann heldur rétt á spilunum,“ sagði Finnur um komandi keppnistímabil hjá Kára. hjorvaro@frettabladid.is

## Valdís úr leik á Opna breska

**GOLF** Valdís Þóra Jónsdóttir komst ekki í gegnum niðurskurðinn á Opna breska meistaramótinu í golfi.

Valdís lék annan hringinn í gær á fimm höggum yfir pari og endaði samtals á sex höggum yfir pari. Niðurskurðurinn miðaðist við eitt högg yfir pari.

Valdís var á einu höggi yfir pari eftir skrautlegan fyrsta hring og því í fínni stöðu. Skagakonan byrjaði hringinn í gær illa, fékk þrjá skolla á fyrstu fjórum holunum og eftir það var róðurinn þungur. Hún fékk alls sjö skolla á hringnum í gær og tvo fugla. – iþs



Anton Sveinn bætti eigið Íslandsmet á EM í Glasgow. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Anton Sveinn setti Íslandsmet

**SUND** Anton Sveinn McKee setti nýtt Íslandsmet í undanúrslitum í 100 metra bringusundi á EM í 50 metra laug í Glasgow í Skotlandi í gær.

Anton Sveinn synti á 1:00,45 mínútum og var í 7. sæti í sínum riðli. Hann komst ekki áfram í úrslitasundið.

Gamla Íslandsmetið hans Antons Sveins, frá HM í 50 metra laug í Kazan í Rússlandi 2015, var 1:00,53 mínútur.

Anton Sveinn hóf æfingar á ný í byrjun ársins eftir að hafa tekið sér frí eftir Ólympíuleikana í Ríó. – iþs



HÚSASMIÐJAN

blómaval

**Afgreiðslutími um verslunarmannahelgina**
**Laugardagur 4. ágúst:** Hefðbundinn afgreiðslutími (sjá www.husa.is)
**Sunnudagur 5. ágúst:** Lokað
**Mánudagur 6. ágúst:** Lokað

# TILBOÐSVEISLA
# VIÐARVÖRN
## Pallaolía og útimálning




Mest selda pallaolían í Húsa-smiðjunni

3 ltr

**1.995 kr**
~~2.495 kr~~

**Pallaolía Jotun Treolje**
Pallaolía á gagnvarið efni. Fáanleg gullbrún, græn og einnig í sömu litum og Trebitt hálfþekjandi.
7049123-27

FRÁBÆRT VERÐ

5 ltr

**2.995 kr**
~~3.995 kr~~

**Pallahreinsir Trebitt Terrassebesfjerner**
Lýsir upp pallinn, fjarlægir sveppagróður, grillolíu og sót.
7158013

þriggja ára ending

JOTUN

3 ltr

FRÁBÆRT VERÐ

**5.995 kr**
~~7.995 kr~~

**Pallaolía**
**Trebitt Terrasebeis 3 ára ending!**
Pallaolía sem hefur þann eiginleika að aðeins þarf að bera á þriðja hvert ár.
15 fallegir litir.
7049305-08

**Gerðu pallinn eins og nýjan**

# Útsölunni lýkur á laugardag
# ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

Garðhúsgögn 30% · Reiðhjól og fylgihlutir 20-30% · Sláttuvélar 25-30% · Hekkklippur 30-40% · Sláttuorf 25-30% · Stigar og tröppur (Elkop) 30% · Sumarblóm 50% · Trjáplöntur 50% · Fjölærar plöntur 30% · Matjurtir 50% · Garðstyttur 50% · Útipottar 30% · Garðrósir 50% · Stanley loftpressur 25% · Skóflur, kantskerar, gafflar, klórur og hrífur (Green-it) 20-40% · Keðjusagir 30% · Greinakurlarar 20-30% · Úðabrúsar (Pulsar) 40% · Garðverkfæri frá Wolfgarten 30% Slöngur, úðarar, slönguhjól og byssur (Claber) 25-40% · Hnífapör og eldhúsáhöld 30% · Matarstell, glös og könnur 30% Bökunarvara 20% · Pottar og pönnur 30% · Hitakönnur 30% · Hreinsiefni og hreingerningaráhöld 25% · Plastkörfur og box 25% · Strauborð og herðatré 25% · Gjafavörur 25% · True North útivistarfatnaður 40% · Vinnufatnaður 25% Harðparket (valdar vörur) 30-40% · Viðarvörn og pallaolía 20% · Útimálning 20% · Lady innimálning 25%
... og margt fleira

# Pallaefni útsala

Komdu og fáðu útsölutilboð í pallinn

**AB gagnvarin fura**
**27x95 mm, 4 metrar.**
628640

**175 kr/lm**
~~234~~ kr/lm



FRÉTTABLAÐIÐ HELGIN

# Hátíðir haldnar víða um land

Mesta ferðahelgi ársins er upprunnin. Margir landsmenn verða á faraldsfæti um helgina og sækja útihátíðir.



**Evrópumeistaramótið í Mýrarbolta**
**Bolungarvík**
Drullumall á daginn en stuð á kvöldin, sveitaball og dansleikur.

**Norðanpaunk**
**Laugarbakki**
Árlegt ættarmót pönkara, á hátíðinni koma fram yfir 40 hljómsveitir.

**Ein með öllu**
**Akureyri**
Fjölskylduhátíð með skemmtidagskrá, tónleikum og böllum, útivist og leikjum.

**Neistaflug**
**Neskaupstaður**
Tjaldmarkaður, skrúðganga, strandblaksmót, flugeldasýning og brunaslöngubolti á milli hverfa.

**Sæludagar KFUM & KFUK**
**Vatnaskógur**
Fjölskylduhátíð þar sem lögð er áhersla á góða samveru, þrautir, leiki og tónlist.

**Innipúkinn**
**Miðbær Reykjavíkur**
Fjölbreytt tónleikadagskrá á föstudags-, laugardags-, og sunnudagskvöld.

**Flúðir um versló**
**Flúðir**
Furðubátakeppni, tónlist, brenna og brekkusöngur, leikhópurinn Lotta mætir á svæðið.

**Kotmót Hvítasunnukirkjunnar**
**Fljótshlíð**
Kristilegt fjölskyldumót haldið af Hvítasunnukirkjunni.

**Unglingalandsmót UMFÍ**
**Þorlákshöfn**
Vímulaus íþrótta- og fjölskylduhátíð. Keppt í frjálsum íþróttum, dansi, golfi o.fl.

**Þjóðhátíð í Eyjum**
**Herjólfsdalur**
Brenna, flugeldasýning og brekkusöngur, Fjölmörg tónlistaratriði.

## Líkur á skúrum víða um land

Þegar Haraldur Ólafsson veðurfræðingur var að læra að gera veðurspár fékk hann gott ráð frá lærifööður sínum. „Hann sagði við mig: Halli minn. Ef þú átt nokkurn kost á því að spá vondu veðri, þá skaltu gera það. Þessi regla á mjög oft við. En ef hún á einhvern tímann ekki við þá er það um verslunarmannahelgina. Það hefur viljað loða við veðurspár um verslunarmannahelgina: Líkur á skúrum víða um land. Það hittir svo skemmtilega á að sú setning er raunhæf um helgina!“ segir Haraldur.



## Hvað á að gera um helgina?

**HJÖRVAR HAFLIÐASON**
útvarpsstjarna



Ég verð á Ítalíu með Heiðrúnu og Kára syni okkar.

**SVALA BJÖRGVINSDÓTTIR**
tónlistarmaður



Ég er að spila á Innipúkanum í Reykjavík á laugardagskvöldið kl. 22.30. Verð í bænum og ætla að hafa gaman með vinkonum mínum.

**TINNA BJÖRK KRISTINSDÓTTIR**
samfélagsmiðlastjarna



Ég ætla að gera eitt mjög frumlegt! Ég ætla að fara til Vestmannaeyja. Þar verður víst hátíð sem ekkert margir vita af. Ég fer með kærastanum mínum og góðum hópi vina. Ég hef farið nokkrum sinnum, fyrst þegar ég var þrettán ára, svo þegar ég var sextán ára. Þá var ég ekki alveg að finna mig þarna. En ég fór svo aftur tíu árum seinna þegar ég var 26 ára gömul og féll þá fyrir hátíðinni og fór svo aftur í fyrra. Hátíðin er ekki eins og margir halda, það eru ekki allir dauðadrukknir. Náttúran er falleg, það er hægt að fara í sund, fara út að borða og svo í dalinn um kvöldið.

**BIRKIR VAGN ÓMARSSON**
einkaþjálfari



Ég er auðvitað að fara á Þjóðhátíð. Myndarlegasti lyfjafræðingur landsins, Viktor Númason, fer með mér.

**STEFÁN JAKOBSSON**
söngvari



Ég verð í Vestmannaeyjum með kærustunni minni. Tek jafnvel eitt eða kannski tvö lög – hver veit.

**HALLBERA GÍSLADÓTTIR**
landsliðsmaður í knattspyrnu

Fyrsta skipti í langan tíma sem ég er ekki með einhver svakaleg plön um verslunarmannahelgina. Ég ætla að njóta helgarinnar með fjölskyldu minni með útiveru og góðum mat. Skella mér jafnvel í sumarbústað á Flúðum og hver veit nema maður endi á einhverju sveitaballi þar.



**EINAR BÁRÐARSON**



Ég verð með fjölskyldunni að lifa og njóta. Einu plönin eru að skjótast aðeins upp í Grímsnes á laugardaginn, þá verður sjálfsagt aðeins komið við á Selfossi enda ekki annað hægt. Annars verðum við að mestu leyti í borginni og ætli þú finnir mig ekki með familíunni á einhverju af gourmet kaffieða veitingahúsum „Notting Hill Íslands“, betur þekkt sem miðbær Hafnarfjarðar, að gæða mér á ljúfmeti og horfa upp í sólina sem ætlar að flytja lögheimili sitt þangað yfir helgina og borga þar útsvar í stórum slummum.

Fréttablaðið + um helgina : Gott podkast er góður ferðafélagi. Listi yfir áhugaverð innlend og erlend podköst.

# Góður ferðafélagi

Ein mersta ferðahelgi ársins er runnin upp. Gott podkast er góður ferðafélagi. Ekkert lát er á vinsældum þeirra og úr ótal mörgu að velja. Bæði innlendu og erlendu.



## Harry Potter aðdáendur: Harry Potter and the Sacred Text

Vanessa Zoltan og Casper ter Kuile rýna í bækurnar um Harry Potter frá frumlegu sjónarhorni. „Ég hef trú á góðum bókum og því sem þær færa mér,“ segir Vanessa í fyrsta þættinum og segist vilja skoða ritverkin eins og þau væru ritning eða heimspekirit. Vanessa og Casper skoða hugtök á borð við fyrirgefningu og hefnd og tengja efni bókanna við háleitar spurningar um tilveruna.

## Boltinn: Dr. Football, Innkastið, Markmannshanskarnir hans Alberts Camus og Vængjum þöndum.

Fyrir fótboltaunnendur er úr fjölmörgum íslenskum podköstum að velja úr. Þessi podköst eru brot af því besta sem er í boði. Guðmundur Björn Þorbjörnsson leitar uppi óvanaleg umfjöllunarefni tengd fótbolta í Markmannshönskunum hans Alberts Camus. Hjörvar Hafliðason er dr. Football og kryfur tíðindi helgarinnar og hitar upp fyrir næstu leiki. Elvar Geir Magnússon, ritstjóri Fotbolta.net, sér um Innkastið þar sem farið er um víðan völl.




## Sagnfræði: Í ljósi sögunnar

Í þættinum skoðar Vera Illugadóttir atburði og málefni líðandi stundar í ljósi sögunnar. Þættirnir eru bæði fullir af fróðleik og óhemju áhugaverðir og spennandi. Njósnarar Mossad, mannætuljón og maður sem leysti eigin morðgátu.



## Kitlar hláturtaugarnar: My Dad Wrote a Porno

Jamie Morton les vandræðalega erótíska skáldsögu eftir föður sinn og greinir hvern kafla með aðstoð James Cooper og Alice Levine. Faðir Jamie skrifaði undir höfundarnafninu Rocky Flintstone og erótíska sagan fjallar um potta- og pönnusölukonuna Belindu Blumenthal sem lendir í ýmsum ævintýrum.




## Fyrir fróðleiksfúsa: Stuff you should know

Þættir sem veita innsýn í allt milli himins og jarðar. Hvernig á að temja ljón? Hvernig er samband lögfræðings og skjólstæðings? Störf sem eru ekki lengur til. Fræðandi og skemmtilegir fyrir fróðleiksfúsa í boði þáttastjórnendanna Chucks Bryant og Joch Clark.



## Óhugnanlegt en satt: Atlanta Monster

Atlanta Moster er podkast í tíu þáttum. Í þáttunum er fjallað um skelfileg barnamorð sem framin voru á árunum 1979-1981. Tuttugu og átta börn og unglingar létu lífið og voru öll dökk á hörund. Árið 1982 var Wayne Williams handtekinn vegna morðanna og í þáttunum er varpað fram áleitnum spurningum um sekt hans.



## Skemmtilegur fróðleikur: Ævintýri Tinna

Gísli Marteinn Baldursson fer yfir sögu teiknimyndasagna George Remi eða Hergé og Tinnabækurnar. Þættirnir hafa vakið þvílíka hrifningu kynslóðarinnar sem er alin upp við lestur teiknimyndasagnanna góðu um Tinna.





## Sérviskulegt og skemmtilegt: Under the Skin – Russell Brand

Skemmtilegt podkast með hinum sérvitra og stórskemmtilega Russell Brand sem fjallar um þau málefni sem vekja forvitni hans í samfélaginu. Viðtal hans við dr. Jordan Peterson vakti athygli í maímánuði síðastliðnum.

### Fleiri skemmtileg podköst

- This American Life
- 99% invisible
- Sceptics guide to the Universe
- Stuff they dont want you to know.
- Radio War Nerd
- Hardcore History

## Óleyst ráðgáta: Konan í ísdalnum:

Podkast um dularfullan líkfund og óupplýst hvarf konu í Noregi um 1970. Tólf ára gömul stúlka, sem var í sunnudagsgöngu með föður sínum og yngri systur, gekk fram á illa brunnið lík konu í Ísdalnum – vinsælu útivistarsvæði spölkorn frá miðbæ Bergen í Noregi. Hér má lesa ítarlega umfjöllun helgarblaðs Fréttablaðsins um málið í samstarfi við NRK. *Sjá hér.*

## Koma á óvart: Málið er

Viktoría Hermannsdóttir ræðir við áhugavert fólk og fjallar um forvitnileg mál. Hún kafar í hvert og eitt þeirra og nálgast bæði fólk og viðfangsefni af virðingu og botnlausri forvitni. Afraksturinn er bráðskemmtilegir þættir sem koma á óvart. Þýsku vinnukonurnar sem komu til starfa á Íslandi, einmanaleiki, kettir. Umfjöllunarefnin eru af öllum toga.



SUMAR
BRAGÐ!
NÝTT!
WRIGLEY'S
Extra®
x25
APPLE
WRIGLEY'S
Extra®
FYRIR HREINAR OG
FRÍSKAR TENNUR
Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

LA-Z-BOY



## CLARKSTON
Leður La-Z-Boystóll. Brúnn, vínrauður eða svartur. Stærð: 97 x 102 x 118 cm

**35%**
AFSLÁTTUR

229.994 kr.
~~199.990 kr.~~



## NORWICH
Tungusófi. Ljósgrátt áklæði og svartir fætur. Hægri eða vinstri tunga. Stærð: 233 x 148 x 81 cm

**50%**
AFSLÁTTUR

69.995 kr.
~~139.990 kr.~~

# LAUGARDAGUR TIL LUKKU



## SKETCH
Garðborð, bambus borðplata. Stærð. 160 x 88 x 75 cm

29.995 kr.
~~59.990 kr.~~

## CIRCLE
Garðborð. Bambus, granít og málmfætur.



Þvermál 110 cm
32.495 kr.
~~64.990 kr.~~

Þvermál 150 cm
44.995 kr.
~~89.990 kr.~~

## CLICK
Sólbekkur, stillanlegur. Dökkgrár, svartur, grænn, grár og turkis.



22.495 kr.
~~44.990 kr.~~



## CLIPS
Garðstólar, bláir, svartir, rauðir og gráir. Svört grind.

9.995 kr.
~~19.990 kr.~~



## CLIPS
Ruggustólar, fjórir litir; rauður, blár, svartur og grár.

19.995 kr.
~~39.990 kr.~~

# 50% AFSLÁTTUR af garðhúsgögnum*

**Reykjavík**
Bíldshöfði 20

**Akureyri**
Dalsbraut 1

**Ísafjörður**
Skeiði 1

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

**Opið í dag laugardag 11[00]–17[00]**
**Lokað á sunnudag og mánudag, frídag verslunarmanna.**

**NESTOR**
Borðstofustóll. Áklæði Coffee. Svartir fætur.



**60%** AFSLÁTTUR

7.196 kr. ~~17.990 kr.~~

**BATILDA**
Borðstofustóll. Dökkgrátt eða -blátt áklæði. Einnig svart eða koníakslitt PU-áklæði.



**35%** AFSLÁTTUR

9.744 kr. ~~14.990 kr.~~

**STORY**
Borðstofustóll. Grá skel, gráir fætur og grá seta.



**60%** AFSLÁTTUR

5.596 kr. ~~13.990 kr.~~



**65%** AFSLÁTTUR

**IRIS**
Hægindastóll. Grátt áklæði..

19.247 kr. ~~54.990 kr.~~

# TILBOÐ Á VÖLDUM VÖRUM

## BARA Í DAG LAUGARDAG
## OPIÐ 11⁰⁰–17⁰⁰



**CHISA**
Nettur og skemmtilegur hægindastóll. Fáanlegur í grænu og bláu sléttflaueli.

**35%** AFSLÁTTUR

19.494 kr. ~~29.990 kr.~~

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN



**RIA**
2ja og 3ja sæta sófar. Grænt, dökkgrátt og ljósrautt (Dusty Rose) sléttflauel.

2ja sæta
45.494 kr. ~~69.990 kr.~~

3ja sæta
51.994 kr. ~~79.990 kr.~~

**35%** AFSLÁTTUR

**62%** AFSLÁTTUR



**BRENNER**
2,5 sæta sófi. Hvítt eða svart savoy/split leður. Stærð: 165 x 97 x 82 cm

98.796 kr. ~~259.990 kr.~~

# 25% AFSLÁTTUR
## af öllum sófum*

* Gildir ekki ofan á önnur tilboð

HÚSGAGNA HÖLLIN



Ólafur og Victoria mætt til leiks í Marshallhúsinu þar sem þau gera spennandi tilraunir og skapa sérstakt matarumhverfi sem mun örugglega vekja athygli. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Hið fullkomna tækifæri

Systkinin **Victoria Elíasdóttir** og **Ólafur Elíasson** gera spennandi tilraunir á Marshall Restaurant.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Systkinin Victoria Elíasdóttir og Ólafur Elíasson opna þann 11. ágúst rými helgað matargerðarlist á Marshall Restaurant á Granda. Ólafur er með vinnustofu í Marshallhúsinu og veitingastaðurinn verður á jarðhæðinni.

Veitingastaðurinn verður opinn til 28. október og mun bjóða upp á hádegisverð og kvöldverð í anda eldhússins sem rekið er í stúdíói Ólafs í Berlín. Victoria, sem er lærður kokkur, hefur frá 2017 einbeitt sér að þróun eldhússins í stúdíói bróður síns. „Ég var svo heppinn að fá hana til liðs við okkur. Við vorum að þróa eldhúsið og gera það betra og öflugra. Svo kom að því að okkur fannst við í stakk búin til að koma til Íslands og gera spennandi tilraunir hér,“ segir Ólafur. Victoria kom til landsins með aðstoðarfólk til að undirbúa opnunina. Sjálf mun hún vinna í eldhúsinu þann tíma sem veitingastaður systkinanna verður opinn.

Faðir þeirra, Elías Hjörleifsson, var kokkur. „Hann lést fyrir fimmtán árum,“ segir Ólafur. „Þegar ég var kominn hingað til lands fór ég í Marshallhúsið og við höfnina sá ég bátinn, Helgu Maríu, sem pabbi var kokkur á. Ég fór inn á vinnustofu mína til að sinna ýmsum hlutum en þegar ég kom út aftur var báturinn farinn. Það var eins og faðir minn hefði verið að heilsa upp á mig í stutta stund,“ segir Ólafur.

### Eldhús í stöðugri þróun

Mikil umsvif eru í stúdíói Ólafs í Berlín, en þar vinna nú rúmlega hundrað manns, og eldhúsið þar hefur verið í stöðugri þróun. „Þegar við vorum einungis um tuttugu sem unnum á vinnustofunni fórum við að elda hvert fyrir annað í hádeginu og allt var það mjög afslappað. Smám saman fórum við að verða meðvitaðri um matinn,“ segir Ólafur. „Það eru mismunandi deildir í stúdíóinu sem er á fjórum hæðum, framleiðsludeild, hugmyndasmiðja, arkitektadeild, rannsóknarstofa, logsuða, bókhald og margt fleira. Í eldhúsinu getur fólk úr öllum þessum deildum talað saman og þarna hættum við að tala um hvernig við gerum hlutina og tölum um af hverju við gerum þá. Um leið finna starfsmennirnir að þeir eru hluti af stórri heild.



Starfsmenn í stúdíói Ólafs í Berlín gæða sér á ljúffengum hádegisverði. MYND/MARÍA DEL PILAR GARCÍA AYENSA

**GÆÐI HRÁEFNISINS OG ÞAÐ HVERNIG KOMIÐ ER FRAM VIÐ UMHVERFIÐ OG JÖRÐINA ER MIKILVÆGARA EN FJÁRHAGSLEGI ÞÁTTURINN.**

Ólafur Elíasson

Við bjóðum upp á grænmetismat í stúdíóinu, einstaka sinnum fisk. Kjöt og öll vinnslan í kringum það er slæm fyrir umhverfið og ég er að fæða hundrað manns á dag þannig að áhrifin yrðu allmikil værum við stöðugt að borða kjöt.“ Sjálfur segist Ólafur ekki vera algjör grænmetisæta. „Ætli ég sé ekki 75 prósent grænmetisæta, og 25 prósent kjötæta. Fiskur er mitt uppáhald.“

Eldhúsið í Berlín vinnur í samstarfi við bóndabýli, rétt fyrir utan borgina, þar sem allt hráefni er lífrænt ræktað. „Gæði hráefnisins og það hvernig komið er fram við umhverfið og jörðina er mikilvægara en fjárhagslegi þátturinn. Það skiptir okkur máli hvernig hráefnin eru meðhöndluð, hvernig er komið fram við fólkið sem kemur með þau til okkar. Það skiptir líka máli hvernig komið er með hráefnið, er komið með það á hjóli eða er það flutt með bíl. Það er ekki alltaf hægt að koma með það á hjóli, en ef það er hægt að velja þá kjósum við það heldur því það er umhverfisvænna. Við erum alltaf með það í huga að



„Ef allt gengur að óskum er ekki útilokað að ég geri eitthvað meira hér í framtíðinni,“ segir Victoria. MYNDI/ARI MAGG

velja það sem er umhverfisvænast. Erlendir kokkar og mataráhugafólk koma mikið í heimsókn til okkar og eldhúsið er öflugt í mataraktívisma.“

**Besti fiskur í Berlín**

Það eru rúm fjögur ár síðan Victoria flutti til Berlínar, en hún er lærður matreiðslumaður og hafði áður starfað bæði hér heima og í Bandaríkjunum. Spurð af hverju hún hafi ákveðið að ganga til liðs við bróður sinn og eldhús hans í Berlín segir hún: „Óli hafði nokkrum sinnum stungið upp á því að ég kæmi og aðstoðaði við hitt og þetta í stúdíóinu en ég vildi ekki koma fyrr en ég hefði þar raunverulegt hlutverk. Þegar farið var í að færa eldhúsið frá jarðhæðinni og upp á þriðju hæð og endurnýja það var tækifæri fyrir mig og ég gat lagt ýmislegt til málanna. Kokkarnir þarna eru einir af mínum uppáhaldskokkum í heiminum, þeir búa til frábæran mat, það er eiginlega draumi líkast. Það eina sem vantaði var að gera hlutina einfaldari og hagkvæmari. Þar gat ég lagt mitt af mörkum.“

Auk þess að vinna hjá stúdíói bróður síns rak Victoria um tíma gríðarlega vinsælan veitingastað í Berlín, Dóttir. „Berlín er mjög fjölmenn borg og þar er fólk af öllum þjóðernum þannig að matarmenningin er mjög litrík. Mér fannst samt vanta góðan og einfaldan fiskistað. Á Íslandi var ég vön að fá fisk tvisvar til þrisvar í viku en allt í einu var ég komin á stað þar sem eina leiðin til að fá almennilegan fisk var á dýrum Michelin-stöðum og þangað fer maður ekki í hverri viku,“ segir hún. „Ég ákvað að opna veitingahús, Dóttir, og var svo heppin að maður sem ég þekki býr við Eystrasaltið og hann kom með ferskan fisk fyrir okkur og einnig lét ég senda mér íslenskan þorsk frá Íslandi annað slagið því ég gat ekki hugsað mér að vera án hans. Við vorum fljót að fá það orð á okkur að bjóða upp á ferskasta og besta fiskinn í Berlín. Móttökurnar voru frábærar og miklu betri en ég bjóst nokkru sinni við. Við ætluðum að starfa í eitt ár en leyfin lengdust og við gátum verið þarna í tvö og hálft ár. Nú er verið að gera húsið upp og tíminn verður að leiða í ljós hvað verður. Ég er að skoða alla möguleika. Það eru vissulega spennandi tímar fram undan. “

**Sérstakt matarumhverfi**

Ólafur segir að hugmyndin með veitingastaðnum í Marshallhúsinu sé ekki bara að elda heldur skapa sérstakt matarumhverfi. „Það er alls kyns umgjörð í kringum það. Ein hugmyndin er að fólk borði við langborð, sem er reyndar ekki svo óvenjulegt á veitingahúsum í dag. Þannig hittir fólk aðra sem það þekkir ekki, en menn þurfa að sjálfsögðu ekki að tala saman frekar en þeir vilja.“

Ýmsir viðburðir verða í Marshallhúsinu á þeim tíma sem systkinin reka eldhús sitt, þar á meðal

**MÉR ÞÆTTI AFSKAPLEGA VÆNT UM AÐ EIGA LÍTINN VEITINGASTAÐ Á ÍSLANDI ÞAR SEM HÖFUÐÁHERSLAN VÆRI Á GRÆNMETI OG FISK.**

Victoria Elíasdóttir

tónlistarflutningur og upplestur. Ný verk eftir Ólaf verða sýnd þar. „Fyrir nokkrum mánuðum fórum við á Strandir þar sem ég safnaði rekaviði og ýmsu öðru og ég er að gera nokkra tugi skúlptúra úr þessu öllu,“ segir hann. „Þungamiðjan er samt maturinn og gæði hans en Victoria á heiðurinn af því.“

**Mikil vitundarvakning**

Spurð hvað verði á boðstólum á veitingastað þeirra í Marshallhúsinu segir Victoria: „Í samráði við félaga okkar í stúdíóinu höfum við valið tæplega 40 af okkar uppáhaldsréttum og bjóðum upp á þá hér í Marshallhúsinu. Þarna eru fiskréttir, skelfiskur úr Breiðafirði og fleira góðgæti, auk fjölda grænmetisrétta. Við reynum eftir bestu getu að vinna sem mest með íslensk hráefni. Það er mjög ögrandi og við tökum opnum örmum á móti áskorunum. Ég trúi því og vil sýna fólki hér heima að það er óþarfi að panta flest grænmeti erlendis frá. Þegar kemur að grænmeti veit ég að auðveldast er að hafa samband við umsvifamikla grænmetisinnflytjendur því þeir eru með stóran lager og gott verð, hitt er töluvert meiri vinna. Það þarf að hafa mikið fyrir því ef maður ætlar einungis að nota íslenskt grænmeti, það kostar mörg símtöl við grænmetisframleiðendur og íslenska viðmótið er oft: Já, hafðu bara samband þegar nær dregur. Þó það séu jafnvel bara örfáar vikur í opnun.

Ég veit að það er mikil vitundarvakning í gangi hjá íslenskum matreiðslumönnum varðandi það að nota íslenskt grænmeti. Hér heima er hugsunarhátturinn að breytast hægt og rólega. Við erum dálítið einangruð hér á Íslandi, því gerist margt aðeins hægar en í Berlín þar sem fólk er mjög meðvitað um hvað það borðar og hvaðan hráefnið kemur."

**Hugsanlega veitingastaður á Íslandi**

Victoria segist hafa mikla ánægju af þessu verkefni. „Síðustu árin hef ég haft það í huga að gera eitthvað á Íslandi, þannig að í mínum huga er þetta fullkomið tækifæri. Það er prófraun fyrir mig að sjá hvernig Íslendingarnar taka því sem við erum að gera. Ef allt gengur að óskum er ekki útilokað að ég geri eitthvað meira hér í framtíðinni. Mér þætti afskaplega vænt um að eiga lítinn veitingastað á Íslandi þar sem höfuðáherslan væri á grænmeti og fisk.“

Victoria er iðulega fengin til að sjá um matseðla fyrir hin ýmsu fyrirtæki, þar á meðal stórfyrirtæki. „Þá hef ég oft haft meira af grænmetisréttum en kjöti. Ef þú ímyndar þér hóp á viðskiptafundum þá virðist liggja beint við að gera ráð fyrir að þau líti átta rétta grænmetisseðil hornauga. Mér finnst gaman að ögra þeim og bera á borð grænmetisrétti en þá skiptir líka máli hvernig maður framreiðir hlutina og eldar. Rauðbeða getur verið jafn ljúffeng og steik ef hún er rétt framreidd. Eftir matinn er svo frábært að heyra hvernig gestirnir upplifa matinn og að þeir séu mettir og afskaplega sælir.“

Victoria er síðan spurð um uppáhaldsrétt sinn af matseðlinum sem í boði verður á Marshall. „Ætli það sé ekki rauðbeðan með rauðbeðu- og sojamarineraðri eggjarauðu og reyktum ferskum osti,“ svarar hún. Hljómar sannarlega vel!





Rauðbeða með reyktum osti, eggjarauðu og tilheyrandi er í uppáhaldi hjá Victoriu og verður á matseðlinum í Marshallhúsinu þar sem áhersla er á gæði hráefnisins.

# Ætlar að halda sér **réttu megin í lífinu**

**KR stóð með Björgvin Stefánssyni eftir að hann misnotaði róandi lyf. Hann leitaði sér aðstoðar og sneri til baka á mánudag, þakkaði pent fyrir sig og skoraði. Fögnuðurinn leyndi ekki tilfinningum hans til félagsins og stuðningsmanna sem hafa tekið honum opnum örmum.**

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is



Björgvin Stefánsson, leikmaður KR, er snúinn aftur á völlinn. Hann bendir á að nú taki við vinna utan vallar líka. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ég vakna ekki allt í einu og er í toppstandi. Núna tekur við enn meiri vinna og það er enginn sem er að fara að gera þetta fyrir mig. Ég þarf að sjá til þess að ég sé réttu megin í lífinu og í jafnvægi. Þetta er eitthvað sem ég þarf að vinna í á hverjum degi og það hjálpar til að hafa þetta góða fólk í KR í kringum mig. Þó svo að ég sé ekki að gera þetta fyrir neinn annan en sjálfan mig þá vill maður samt ekki bregðast þeim sem hafa gert svona margt fyrir mann,“ segir Björgvin Stefánsson, leikmaður KR í knattspyrnu.

Björgvin var ekki í leikmannahópnum gegn Val í byrjun júlí og var þá ákveðið að tala um agabann. Síðar gaf KR út yfirlýsingu þar sem kom fram að Björgvin hefði ákveðið að leita sér aðstoðar sérfræðinga vegna misnotkunar á róandi lyfjum. Einnig sagði í yfirlýsingunni að KR mundi aðstoða Björgvin í einu og öllu við að ná bata.

„Ég veit að það var ekki sjálfgefið hjá KR og ég var ekki endilega að búast við því en það var mikill léttir og ég er þakklátur þeim að standa við bakið á mér – það sýnir hvernig fólk þessi klúbbur hefur að geyma, hvað þetta eru miklir toppmenn og góðir menn í kringum klúbbinn,“ segir hann.

Þegar hann þrumaði boltanum í netið gegn Grindavík þreif hann um merki KR á brjóstinu og hljóp til stuðningsmanna. Algjörlega ósvikin gleði og hélt hann fast og lengi í KR-merkið. Stúkan tók undir og fagnaði með. „Ég fann fyrir því og finn fyrir miklum stuðningi. Maður er hálf klökkur eiginlega og þetta er svo langt frá því að vera sjálfgefið.

> HANN HEYRÐI Í MÉR OG SAGÐI AÐ HANN OG ALLIR STRÁKARNIR STÆÐU MEÐ MÉR. ÞAÐ SKIPTI ÞÁ ENGU MÁLI HVAÐ HEFÐI KOMIÐ UPP Á OG ÞEIR MYNDU STYÐJA VIÐ BAKIÐ Á MÉR, SAMA HVAÐ.

Þegar maður gerir mistök þá líður manni illa og maður vill gera allt til að bæta fyrir það. Það var frábært að gera það með markinu og ég mun reyna að halda því áfram. Þetta hvetur mann áfram til að standa sig og reyna að gefa til baka.“

Mark Björgvins kom eftir frábæran sprett Óskars Arnar Haukssonar, sem er fyrirliði KR. Björgvin fór á nærstöngina og þrumaði fast fram hjá markverði Grindavíkur. Bjarni Guðjónsson, aðstoðarþjálfari KR, teiknaði markið upp í huga Björgvins rétt áður en hann fór inn á völlinn.

„Óskar matreiddi þetta fyrir mig og ég þurfti ekki að gera mikið. Bjarni var nýbúinn að hamra á því að ég ætti að hlaupa á nærstöngina. Hann sagði við mig að sama hvað, ég ætti að fara á nærstöngina og það borgaði sig.“

Eftir leikinn gegn Val sló Óskar á þráðinn til Björgvins og áttu þeir gott spjall sem Björgvin er þakklátur fyrir. „Hann heyrði í mér og sagði að hann og allir strákarnir stæðu með mér. Það skipti þá engu máli hvað hefði komið upp á og þeir myndu styðja við bakið á mér, sama hvað. Við áttum gott spjall og mér leið vel eftir það samtal. Nánast allir strákarnir heyrðu svo í mér og og það er mikil samstaða innan félagsins og ég er mjög þakklátur fyrir að hafa þá sem liðsfélaga.“

Hann segir að það sé sterkt bræðralag í klefa KR-liðsins. „Ég man þegar ég kom hingað fyrst, þá hélt ég að ég yrði lengur að komast inn í hópinn og yrði lengur að aðlagast en frá degi eitt þá var mér vel tekið. Það er sterkt bræðralag í klefanum og allir að róa í sömu átt og menn eru tilbúnir að gera margt hver fyrir annan.

Ég held að þetta sé meðal annars ástæða þess að KR er rótgróið stórveldi og risaklúbbur á þessu landi og hefur verið alla tíð. Það er vegna fólksins í kringum félagið. Um leið og maður kemur hingað þá er þetta eins og ein stór fjölskylda – allt frá stjórninni og til stuðningsmannanna.“

Leikurinn gegn Grindavík var fyrsti leikur Björgvins eftir að hann reimaði á sig takkaskóna eftir að hann sneri til baka. Hann var ekki mikið að búast við að fá mínútur en kallið kom frá Rúnari Kristinssyni að hita upp og gera sig kláran. „Það var einstaklega ljúft að koma inn á og ég var ekkert endilega að búast við því enda fyrsti leikurinn minn í hóp frá því ég sneri aftur. Það sýnir hvað KR hefur mikla trú á mér og það var frábært að geta hjálpað liðinu um leið með markinu.

Ég fór í burtu skömmu eftir Valsleikinn til að taka á mínum vandamálum. Svo tók ég nokkrar æfingar og Rúnar var búinn að segja við mig að ef ég er í andlegu jafnvægi þá sé ég með liðinu. Þar ætla ég mér að vera.“

# Bara eitt líf að spila úr

Rúnar Kristinsson, þjálfari meistaraflokks karla í KR, segir félagið munu aðstoða Björgvin í einu og öllu við að ná bata.

„Eftir að þetta mál kom upp varðandi Björgvin þá les ég nánast hverja einustu grein sem kemur út og fjallar um neyslu þessara fíknilyfja. Ég held að margar fjölskyldur á Íslandi eigi nána ástvini sem glíma við fíkn og þessi vandi sem hefur hreiðrað um sig hjá ungu fólki er áhyggjuefni. Ég vil reyna eins og ég get að komast til botns í þessu, hvernig er hægt að kljást við þetta, hvað gerir það að verkum að ungt fólk neytir þessara efna. Hvaða afleiðingar það hefur. Ég á sjálfur börn á þessum aldri og vil vita um hvað þetta snýst,“ segir Rúnar.



Rúnar Kristinsson, þjálfari KR stendur við bakið á Björgvin. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hann telur skipta sköpum að grípa strax inn í aðstæður og veita stuðning. „Það er mikilvægt að vísa rétta leið. En menn verða að vilja þetta sjálfir. Breyta lífi sínu og lífsmynstri. Og það er eitthvað sem við foreldrar og forráðamenn, þjálfarar, kennarar og leiðbeinendur getum tekið að okkur. Það má aldrei vera spurning um annað en að hjálpa og styðja,“ segir Rúnar og segir aldrei annað hafa komið til greina hvað varðar Björgvin.

„Við gerum allt sem við getum hér til að hann snúi lífi sínu á rétta braut. Og það sama á við um aðra yngri og eldri,“ segir hann.

„Fótboltinn er mikilvægur en lífið er dýrmætara. Við fáum bara eitt líf að spila úr. Við sem erum eldri og reyndari í lífinu, við áttum okkur á að lífið er stærra en einn fótboltaleikur. Við verðum því að minna svolítið á hvað lífið snýst um,“ segir hann.

Rúnar minnir á að það eitt að stíga fram og leita sér aðstoðar sé stórt skref. En aðeins upphafið á baráttunni.

„Björgvin er búinn að vera hjá okkur frá því í október og við erum búin að kynnast honum vel. Við æfum enda saman fimm til sex sinnum í viku. Hann er góður strákur með gott hjartalag. En eins og margir aðrir hefur hann glímt við vandamál sem hafa leitt hann út í neyslu á þessum lyfjum sem lausn á einhverjum vanda. Hann hefur komið sterkur til baka. Hann talaði við leikmannahópinn, útskýrði fyrir þeim hvað hann væri að ganga í gegnum.

Hann hefur sterkan vilja en orrustan er ekki búin. Við verðum að halda áfram að styðja við hann. Við þekkjum öll innan okkar fjölskyldna þennan vanda og vitum að þetta er böl sem er erfitt að losna við. Menn

> VIÐ SEM ERUM ELDRI OG REYNDARI Í LÍFINU, VIÐ ÁTTUM OKKUR AÐ LÍFIÐ ER STÆRRA EN EINN FÓTBOLTALEIKUR. VIÐ VERÐUM ÞVÍ AÐ MINNA SVOLÍTIÐ Á HVAÐ LÍFIÐ SNÝST UM.

þurfa virkilega að leggja sig fram. Þetta er hörkuvinna, að halda áfram að berjast og rétta úr kútnum. Vonandi vinnur hann baráttuna,“ segir Rúnar.

Framhald á síðu 20 ▶


PIER
GLEÐILEGA VERSLUNARMANNAHELGI!
25-40%
AFSLÁTTUR AF HÚSGÖGNUM
GILDIR LAUGARDAG OG SUNNUDAG
MUNICH SKENKUR
ÁÐUR: 99.900,-
NÚ: 74.925,-
MANHATTAN ÞRIGGJA SÆTA SÓFI
ÁÐUR: 189.900,-
NÚ: 142.425,-
DAYTON STÓLL
ÁÐUR: 19.990,-
NÚ: 14.992,-
MUNICH SÓFI
ÁÐUR: 229.900,-
NÚ: 137.940,-
A MANHATTAN BORD
ÁÐUR: 99.900,-
NÚ: 74.925,-
XEUILLEY STÓLL
ÁÐUR: 19.990,-
NÚ: 14.992,-
MANHATTAN STÓLL
ÁÐUR: 89.900,-
NÚ: 67.425,-
A MANHATTAN STÓLL
ÁÐUR: 29.900,-
NÚ: 22.425,-
BIZERTE
HLIÐARBORD, SETT
ÁÐUR: 19.990,-
NÚ: 14.992,-
ROYALT N STÓLL
ÁÐUR: 69.900,-
NÚ: 52.425,-
MALKIM STÓLL
ÁÐUR: 99.900,-
NÚ: 74.925,-
MANHATTAN SKEMILL
ÁÐUR: 59.900,-
NÚ: 44.925,-
A WORLD OF INSPIRATION
PIER
PIER opnunartími: Laugardagur Sunnudagur
PIER Smáratorg 10:00 - 18:00 12:00 - 18:00
PIER Korputorg 12:00 - 18:00 12:00 - 18:00
PIER Glerártorg 10:00 - 17:00 13:00 - 17:00
PIER Selfoss 10:00 - 18:00 12:00 - 18:00
www.pier.is
Gildir 4.ágúst og 5.ágúst. Gildir ekki með öðrum tilboðum.
Lokað frídag verslunarmanna mánudaginn 6. ágúst en alltaf opið á www.pier.is

# Ein tafla getur verið banvæn

Valgerður Rúnarsdóttir, forstjóri Vogs, segir neyslu fíknilyfja hættulega viðbót. Ef fólk taki lyfin að staðaldri verði það líkamlega háð þeim. Hún segir stjórnvöld skilningslaus gagnvart vandanum en til stendur að loka göngudeild SÁÁ á Akureyri vegna fjárskorts. Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra hefur skipað stýrihóp sem hefur það að markmiði að bæta þjónustu við ungmenni í neysluvanda.




Þetta eru skelfilegar fréttir, það er hræðilegt þegar ung manneskja deyr vegna ofskömmtunar lyfja," segir Valgerður Rúnarsdóttir, forstjóri Vogs, um þau dauðsföll sem hafa orðið vegna lyfjaeitrunar. Á sama tíma er aukið framboð á fíknilyfjum á svörtum markaði. Á ávanabindandi róandi lyfjum á borð við Xanax og sterkum morfínlyfjum á borð við OxyContin og kódín.

„Það verður að koma í ljós þegar lengra er liðið á árið hversu margir af þeim sem eru látnir voru að neyta umræddra lyfja. Stundum er tilfinning manns rétt þegar upp er staðið en stundum ekki," segir Valgerður. „Í nokkrum löndum heims geisar faraldur dauðsfalla vegna neyslu morfínskyldra lyfja. Þar eru neytendur á öllum aldri," segir hún og segir óvíst að hér á landi séu skilyrði fyrir svipuðum faraldri. Íslenskt samfélag sé vel til þess fallið að bregðast við með skjótum hætti. Það þurfi að auka verulega fræðslu ungmenna um hættur fíknilyfjaneyslu.

„Ungt fólk er skynsamt. Það þarf að láta það vita að þær upplýsingar sem sölumenn fíknilyfjanna láta fylgja um þau eru yfirleitt mjög rangar. Þau þurfa að fá að vita það og taka sjálfstæða ákvörðun. Þau átta sig þá flest á því að það getur verið lífshættulegt að taka aðeins eina töflu. Bara ein tafla getur verið banvæn. Það er mín reynsla að ungt fólk er skynsamt og lætur ekki segja sér hvað sem er. Við skulum ekki gleyma fjárhagslega ávinningnum á bak við það að gera fólk háð þessum lyfjum, ég held að þegar ungmenni átta sig á leikreglunum í þessum hættulega leik þá vilji þau ekki vera leiksoppur," segir hún.

Valgerður segir neyslu fíknilyfja ekki nýja af nálinni. En neyslumynstrið sé breytt. „Það hefur orðið aukning á neyslunni og það eru fleiri sem misnota lyf. Yngsti hópurinn notar fíknilyfin með öðrum vímugjöfum. Í eldri hópum hefur svo orðið aukning á neyslu sterkra ópíóða sem er sprautað í æð," segir Valgerður. „Þetta er slæm og hættuleg viðbót því ef fólk tekur þessi lyf að staðaldri þá verður það líkamlega háð þeim. Þannig halda fíknilyfin fólki í vítahring sem er erfitt að komast úr."

Valgerður segir skilningsleysi stjórnvalda algjört á þörf fyrir meðferðarúrræði. „Þau leggja ekkert til þrátt fyrir aukninguna. Við rekum tvær göngudeildir, eina í Efstaleiti og aðra á Akureyri. Við rekum þær án ríkisframlags og höfum verið án samnings í nokkur undanfarin ár. Við þurfum að loka göngudeildinni á Akureyri vegna fjárskorts. Við myndum vilja efla starf göngudeildanna, það væri hægt að reka þar nokkurs konar bráðamóttöku þangað sem hægt væri að koma, fá meiri þjónustu, faglegt mat ráðleggingar og önnur stuðningsúrræði," segir Valgerður.

Hún bendir á að ungt fólk þurfi ekki að bíða lengi eftir því að komast í meðferð á sjúkrahúsið Vog. „Við tökum við ungmennum í meðferð og sárafáir þurfa að bíða sem eru undir tvítugu. Þá langar mig að benda á að alla þriðjudaga klukkan sex á göngudeild Vogs erum við með fræðslufyrirlestur og stuðningsfundi fyrir foreldra ungmenna í neyslu. Á fundinum er sálfræðingur eða ráðgjafar ungmenna, þessir fundir hafa reynst foreldrum mjög vel, sama hvort börn þeirra fara í meðferð eða ekki," segir hún. „Barnavernd sinnir þeim sem eru undir átján ára aldri og eru með alls kyns úrræði og inngrip sem foreldrar geta nýtt sér," bendir hún á. Meðferð vegna neyslu fíknilyfja getur falið í sér lyfjagjöf.

„Ef neyslan er aðallega á fylleríum þá eru þau ekki orðin líkamlega háð þessum lyfjum til lengri tíma. En stundum þurfum við að gefa lyf í smá tíma í meðferðarskyni og þá tekur við meðferð við fíknisjúkdómnum. Þeir sem eru með fíkn þurfa meðferð við henni. En það er mikilvægt að halda því til haga að ekki eru allir sem neyta þessara fíknilyfja með fíknisjúkdóm. Sumir fikta við þetta. En þá er enn og aftur mikilvægt að brýna fyrir ungu fólki að fiktið er gríðarlega hættulegt.

> UNGT FÓLK ER SKYNSAMT. ÞAÐ ÞARF AÐ LÁTA ÞAÐ VITA AÐ ÞÆR UPPLÝSINGAR SEM SÖLUMENN FÍKNILYFJANNA LÁTA FYLGJA UM ÞAU ERU YFIRLEITT MJÖG RANGAR



## 11% barna í 10. bekk sögðust hafa neytt róandi ávanabindandi lyfja

„Aukningin er mikil. Árið 2012 sögðust um sjö prósent nemenda hafa neytt róandi ávanabindandi lyfja, í ár svara ellefu prósent því játandi að hafa neytt slíkra lyfja," sagði Álfgeir Kristjánsson, dósent í sálfræði við ríkisháskóla Vestur-Virginíu, í viðtali við Fréttablaðið fyrr í sumar. Álfgeir starfar einnig við Háskólann í Reykjavík og hjá Rannsóknum & greiningu og sagðist telja að einhverju leyti mega rekja vandann til lyfjamenningar og vanþekkingar á innihaldi lyfja. „Ég held að það sé ástæða til að hafa áhyggjur af því að hópur ungs fólks sem neyti þessara lyfja sé enn stærri. Það er alþekkt að ungmenni sem eru í mikilli neyslu svara ekki endilega svona könnunum," sagði hann.

Gagnasöfnun fór fram með spurningalistakönnun í febrúar á þessu ári á vegum Rannsókna & greiningar sem reglulega kannar vímuefnaneyslu unglinga. Við höfum séð talsverðan samdrátt í neyslu á áfengi og kannabisefnum. Og í reykingum, en svo sjáum við aukningu í þessum lið. Það þarf aukna fræðslu, því það er ekki bara ungt fólk sem telur lyfin skaðlausari en önnur fíkniefni. Almenningur er líka grandalaus," sagði Álfgeir.



NORDICPHOTOS/GETTY

## 24 lyfjatengd andlát til skoðunar

Lyfjateymi Embættis landlæknis fær til skoðunar matsgerðir eftir lyfjaleit í látnum einstaklingum. Í júnímánuði greindi Fréttablaðið frá því að þær væru nítján talsins.

Nú eru komnar 24 slíkar matsgerðir á þessu ári. Grunur er um að eitrun hafi valdið þessum dauðsföllum en ekki er víst að þau flokkist sem slík í dánarmeinaskrá.

Andlátin eru mikilvæg vísbending um það sem er að gerast hjá fólki í þessum vanda sem getur verið mikill fíknivandi af ýmsum toga.

Árið 2017 voru lyfjatengd andlát 30 stöðum flokkun dánarmeinaskrár.

# Meðferðarúrræði of einsleit

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra hefur skipað stýrihóp sem hefur að markmiði að bæta þjónustu til ungmenna í neysluvanda. Stýrihópinn skipaði hún eftir vinnustofu um málefni barna og ungmenna sem glíma við neysluvanda.

„Markmiðið með vinnustofunni var að ræða framtíðarfyrirkomulag áfengis- og vímuefnameðferðar fyrir börn og ungmenni, hvernig efla megi bráðaþjónustu við þennan hóp og tryggja samfellu í þjónustunni.

Vinnustofan stóð í heilan dag þar sem fulltrúar frá Landspítala, Barnaverndarstofu, umboðsmanni barna, Reykjavíkurborg, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Olnbogabörnum, SÁÁ, Embætti landlæknis og lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu deildu þekkingu sinni og reynslu, ræddu hvað megi betur fara og hvaða leiðir að bættu fyrirkomulagi séu æskilegar að þeirra mati," segir Svandís og segir að farið hafi verið yfir stöðuna, þau úrræði sem eru til staðar og til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að bregðast við vandanum.

„Í kjölfarið var skipaður stýrihópur með fulltrúum heilbrigðisráðherra, félags- og jafnréttismálaráðherra, Landspítala og Barnaverndarstofu til að vinna að þessum málum á grundvelli þeirra hugmynda sem rætt var um á vinnufundinum. Ég tel að hér hafi verið tekið mikilvægt skref sem muni auðvelda samstarf aðila. Ég hef miklar væntingar til starfs þess hóps," segir Svandís.

Hún segir brýnustu verkefnin snúa að tiltölulega fámennum hópi sem þurfi mikla þjónustu. „Það skiptir miklu máli að greina vanda barna eins fljótt og auðið er þannig að þeim bjóðist viðeigandi þjónustuúrræði þegar þörf er á. Börn sem eru með geð- eða þroskaraskanir af öðrum toga en fíknivanda þurfa t.a.m. annars konar og sérhæfðari meðferð en börn með fíknivanda sem ekki glíma við viðbótarvanda. Það þarf að efla samvinnu félags-, heilbrigðis- og menntakerfisins og gæta þess ávallt að einstaklingurinn falli ekki milli þeirra þjónustukerfa sem eru til staðar. Því er nauðsynlegt að skýra verkferla þannig að öll meðferð og þjónusta gangi fyrir sig eins snurðulaust og mögulegt er. Samstarf ráðuneyta er mikilvægt í þessum efnum og ég hef þegar hafið samtal við félags- og jafnréttismálaráðherra um þessi mál," segir Svandís frá.

„Það þurfa allir að hjálpast að. Öll kerfi þurfa að vinna saman. Eitt af því sem kom fram á fyrrnefndri vinnustofu er að það verði komið á fót þjónustumiðstöð sem sé opin allan sólarhringinn fyrir börn og fjölskyldur þeirra – svo allir fái úrræði við hæfi.

Það var líka nefnt að meðferðarúrræði væru of einsleit og við þurfum örugglega að skoða það. Sumum þeirra tillagna sem komu fram á vinnustofunni er hægt að hrinda í framkvæmd þegar í stað, til að mynda tillögum um samstarf meðferðar- og þjónustuaðila og samræmt verklag þeirra sem veita þjónustu. Miklu máli skiptir að við höfum nú tillögur, sem verða útfærðar nánar," segir Svandís.

– kbg



> EITT AF ÞVÍ SEM KOM FRAM Á FYRRNEFNDRI VINNUSTOFU ER AÐ ÞAÐ VERÐI KOMIÐ Á FÓT ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ SEM SÉ OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN FYRIR BÖRN OG FJÖLSKYLDUR ÞEIRRA – SVO ALLIR FÁI ÚRRÆÐI VIÐ HÆFI.


Fyrir okkur
sem sjáum
til sólar
um nætur
heilsa
Guli miðinn
GMP
ACIDOPHILUS
PLÚS
MJÓLKURSÝRUGERLAR
Vítamín og bætiefni Gula miðans eru sérstaklega valin og þróuð fyrir íslenskar aðstæður. Þess vegna hefur Guli miðinn verið hluti af daglegu lífi Íslendinga í 25 ár.
**Kynntu þér úrvalið á gulimidinn.is**

# Hér er ekkert *lastabæli*

Þeir Svanur og Tindur Gabríel voru heimilislausir en búa nú í Víðinesi og líkar lífið þar vel. Þeir hafa sett niður kartöflur og vilja hafa hænur. Lesa og horfa á Netflix.



Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is
Þórsteinn Sigurðson
thorsig@frettabladid.i

Þann 15. desember 2017 fluttu fyrstu íbúarnir í Víðines, tilraunaverkefni fyrir heimilislausa á vegum Reykjavíkurborgar. Nú búa þar um fimmtán manns. Þeirra á meðal Svanur og Tindur Gabríel.

Svanur hafði áður búið í gömlum húsbíl á tjaldsvæðinu í Laugardal. Tindur Gabríel hefur síðustu sjö ár nýtt sér gistiskýlið á Lindargötu.

Íbúar greiða 50 þúsund krónur á mánuði í leigu og þurfa að ganga vel um sameiginlegt eldhús og baðherbergi. Þá er skilyrði að þeir sem þarna búa hafi aðgang að bíl eða séu sjálfbjarga um ferðir til og frá staðnum en nokkurra kílómetra gangur er í næsta strætóskýli. Einu sinni á dag býður velferðarsvið Reykjavíkur upp á ferðir til borgarinnar, fram og til baka.

### Vilja vera með hænur

Svanur og Tindur Gabríel sitja fyrir utan Víðines og sleikja sólina. Það er bjart yfir og stillt. Einhvern tímann hafa skrautbeð prýtt stæðið, nú blandast skrautblómin villigróðri ýmiss konar. Ekki langt frá eru kartöflugrös. Tindur Gabríel setti niður útsæði fyrir skömmu.

„Nú þegar hann er kominn í sveitina þá hugsar hann ekki um annað en sveitastörf," segir Svanur. „Og hann vill líka vera með hænur," segir hann og Tindur Gabríel kinkar kolli. „Ég setti niður kartöflur fremur seint, við sjáum hvernig það fer. Ég á von á því að það spretti eitthvað af þessu. Ég myndi líka vilja setja niður rauðrófur og halda hænur. Ég kann vel við sveitalífið. Einu sinni ætlaði ég mér að verða bóndi en það fór út um þúfur," segir hann.

Svanur brá sér til borgarinnar í byrjun vikunnar. Hann mætti í Ráðhús Reykjavíkur sem fulltrúi þeirra sem búa í úrræðum fyrir heimilislausa og sóttist eftir því að fá að sitja aukafund borgarráðs um málefni hópsins. En fékk ekki. Á fundinum voru samþykktar átta tillögur meirihlutans um aðgerðir, meðal annars að útvega lóðir fyrir 25 smáhýsi. Þá var samþykkt tillaga fulltrúa Sósíalistaflokksins um að kanna þarfir hópsins.

### Dómharka og yfirlæti

„Við fengum ekki að fylgjast með. Mér finnst skrýtið að mega ekki hlýða á eða ávarpa fundinn Þegar umfjöllunarefnið er við. Það er oft fjallað um okkur án þess að við höfum nokkuð um það að segja," segir Svanur og segir oft rætt um heimilislausa af dómhörku og yfirlæti. Þá sé þeim oft ætlaður ákveðinn lífsstíll sem einkennist af löstum og óþrifnaði. „Hér er ekkert lastabæli," segir hann og býður í heimsókn.

„Víðines stóð autt um árabil, þar var rekið elliheimili. Þangað til það var nýtt fyrir hælisleitendur," segir Svanur. „Þetta er mjög vistlegt. Húsnæðið var tekið í gegn fyrir um 90 milljónir. Hér hafa verið settar nýjar eldavélar, þvottavélar og frystar. Við eldum matinn okkar sjálfir, þvoum þvott og höfum heimilisfrið," segir hann og þeir Tindur Gabríel sýna vistarverurnar.

Húsnæðið er þrifalegt og bjart. Í eldhúsinu kassar af grænmeti og matreiðslubók um franska matargerð.

*Hvað finnst þér gott að elda, Svanur?*

„Ég elda eitthvað einfalt og fljótlegt, oft nota ég örbylgjuofninn og elda smárétti. Ég nenni ekki að standa í flókinni eldamennsku. Það er einn hér sem fer oft í Samhjálp og kemur með mat þaðan til okkar. Það væsir ekki um okkur."

*Þannig að þið eigið góða að?*

„Já, það eru margir liðlegir í að aðstoða okkur. En svo hjálpum við okkur líka sjálfir og kaupum mat og fleira."

Herbergi Tinds Gabríels er hlýlegt. Hann hefur inni hjá sér stærðarinnar sjónvarp, fallegar plöntur og reiðhjól. Bókahillan ber þess vott að hann er víðlesinn. „Ég elska blóm, þau hreinsa svo andrúmsloftið. Æi, mér finnst þetta svo notalegt þótt herbergið sé lítið. Ég þyrfti aðeins stærra herbergi. Ég er mest hér og fer ekkert í bæinn. Þar er enda ekkert að hafa nema leiðindi," segir hann og sest á rúmstokkinn.

### Les Platón og Aristóteles

*Hvernig eyðir þú tímanum hér?*

„Ég horfi mest á Netflix. Þáttaraðir á borð við Merlín og Orange Is the New Black eru í uppáhaldi. Ég hef líka mikinn áhuga á bókmenntum. Ég les ljóð og heimspekirit. Ég er núna að glugga í Ríkið eftir Platón. Ég hef einnig gaman af Aristótelesi. Ég pæli í öllu og leiðist ekkert hér í sveitinni. Það er gott andrými hér. Hér eru líka fínir strákar og stelpur og það er ró yfir núna. Það var einn órólegur hér og það markaði lífið," segir Tindur Gabríel frá.

Tindur Gabríel segist finna mikinn mun á líðan sinni í Víðinesi.

„Ég var í gistiskýlinu á Lindargötu í heil sjö ár. Ég meiddist þar. Ég ætla að fara í mál við Reykjavíkurborg. Pólskur vaktmaður þar mölvaði á mér höndina," segir hann og strýkur yfir hnúð á innanverðum úlniðnum sem er merki um að brotið hafi verið mjög slæmt.

*Tindur Gabríel? Það er óvanalegt nafn fyrir mann á þínum aldri?*

„Ég var skírður Ingimundur Valur Hilmarsson, ég breytti því í Tind Gabríel. Ekki út af einhverju misjöfnu. Ég hafði verið átján mánuði edrú og valdi mér þetta nafn út af andlegum draumförum sem ég hafði," útskýrir hann og segir nýtt nafn hafa veitt sér styrk.

Hann segist heimilislaus vegna erfiðra aðstæðna. „Ég er úr Reykjavík og alinn upp í borginni. Móðir mín drakk sig í hel. Faðir minn drakk líka. Hann fékk krabbamein og dó á Vífilsstaðaspítala. Ég á son og eitt afabarn. Sonur minn er bókasafnsfræðingur á Borgarbókasafninu. Ég er stoltur af honum og afabarninu," segir hann um líf sitt.

### Tók Kleó að sér fyrir lífstíð

Herbergi Svans er öllu stærra. Honum fylgja tveir hundar, Kleó og hvolpurinn Jana. „Kleó hefur fylgt mér í sex ár. Ég elska hana og hún elskar líka mig," segir Svanur ástúðlega þegar hann opnar inn í herbergið sitt. Kleó flaðrar upp um



**ÚRRÆÐIÐ Í VÍÐINESI ER Á VEGUM REYKJAVÍKURBORGAR OG HEFUR BORGIN SAMIÐ VIÐ ÖNNUR SVEITARFÉLÖG UM AÐ GREIÐA FYRIR ÞÁ ÞJÓNUSTU SEM FÓLK ÞAÐAN FÆR Í VÍÐINESI.**



Tindur Gabríel var í gistiskýlinu í sjö ár áður en hann kom í Víðines.

# Fólk

Helgin

LAUGARDAGUR 4. ÁGÚST 2018



Birta Líf Þórarinsdóttir keppir í flokki 14-15 ára á heimsleikunum í CrossFit í ár. Hún segir að sér hafi gengið betur í CrossFit en hún bjóst við og það hafi kveikt neista sem dreif hana á leikana í ár. →4

HVER VANN?

Sportið á frettabladid.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.






Brynjar Ingólfsson, Ágúst Ágústsson og Davíð Ólafsson hjá Reebook Fitness og CrossFit Kötlu bjóða fjölbreytta þjálfun í nýrri stöð. MYND/SYGRTYGGUR ARI

# Frábær aðstaða í nýrri CrossFit Kötlu

CrossFit Katla opnar glænýja stöð í september í Reebok Fitness á Lambhaga 15, Úlfarsfelli, við hliðina á Bauhaus. Boðið verður upp á fjölbreytta tíma og fullkomna æfingaaðstöðu. →2

**Framhald af forsíðu ➪**

Aðstaðan verður öll hin glæsilegasta. Nýja Reebok Fitness stöðin er u.þ.b. 2.400 fermetrar að stærð og þar af fara 350 fermetrar undir CrossFit," segir Ágúst Ágústsson hjá Reebok Fitness og CrossFit Kötlu en ný stöð verður opnuð í september í Lambhaga 15 (við rætur Úlfarsfells, rétt við Bauhaus). Fyrir er CrossFit Katla í Reebok Fitness í Holtagörðum. Í Lambhaga er undirbúningur í fullum gangi og segir Ágúst nýju stöðina bjóða upp á aukið úrval tíma og æfinga. CrossFit Katla Lambhaga er systurstöð CrossFit Katla Holtagarðar og mun sama æfingaprógramm vera á báðum stöðvum. Meðlimir í CrossFit Kötlu greiða eitt gjald en geta síðan valið hvort þeir mæti á æfingu í Lambhaga eða Holtagörðum, allt eftir því hvað hentar þeim. Meðlimir Kötlu geta einnig nýtt sér alla almenna tíma og aðstöðu í Reebok Fitness stöðvunum.

## Fjölbreyttir tímar

Hér verður sérstakur salur með innrauðum hita en innrauður hiti fer dýpra inn í líkamann og mýkir alla vöðva og liði. Þá geta CrossFittarar til dæmis brotið upp rútínuna með því að fara Hot yoga, Triggerpoint Pilates eða sótt teygjutíma. Hér verður boðið upp á hjólreiðatíma þar sem hjólað er eftir vöttum og einnig hægt að fara í spinning. Eftir æfingar getur fólk svo slakað á í gufubaði og dýft sér í heita og kalda potta," segir Ágúst. Þá verður barnapössun í boði í Lambhaga.

Ekkert sé til sparað við nýju stöðina og meðal annars hafi sérstaklega verið hugað að hljóðvist við hönnun CrossFit salarins.

„CrossFit æfingunum getur fylgt hávaði frá lóðaköstum. Helmingurinn af gólfinu í nýja CrossFit salnum er sérstaklega útbúinn til að bregðast við því. Þegar við steyptum gólfið skildum við hundrað fermetra svæði eftir sem fyllt var af sandi, stuðkantur settur meðfram veggjum og svo steypt yfir. Flöturinn er því ekki járnabundinn við veggi og með því vonumst við til að hávaða leiði ekki eins um húsið. Í Holtagörðum er salurinn á 2. hæð og þar má ekki kasta lóðum, þótt það hendi öðru hvoru í hita leiksins," segir Ágúst.

## Tímar fyrir unglinga (8.-10. bekk)

Fljótlega eftir opnun Reebok stöðvarinnar verður boðið upp á tíma fyrir unglinga (8.-10. bekk) í Reebok Fitness og svo yngri börn í kjölfarið. Ágúst leggur áherslu á að tímarnir snúist ekki um keppnisæfingar heldur heilbrigðan lífsstíl til langframa.

„Ég hef lengi átt mér þann draum að ná fyrr til krakka og kynna fyrir þeim þetta fjölbreytta og skemmtilega æfingaform sem tengist ekkert endilega keppni, heldur því að hreyfa sig rétt, viðhalda liðleika og styrk og passa upp á góða næringu. Tilgangurinn er ekki „sixpack" heldur lífsgæðin sem fylgja hraustum líkama sem endist lengur og er sterkari gagnvart sjúkdómum. Með því að gera krakka og unglinga meðvitaða um heilbrigt líferni snemma á ævinni fjárfestir maður í heilsunni til framtíðar," segir Ágúst.

Unglingatímarnir verða kenndir í æfingaaðstöðu Kötlunnar í Lambhaga og þjálfari verður Marion Fennö Muyingo.

## Alhliða þjálfun hentar öllum

Brynjar Ingólfsson, annar yfirþjálfari hjá CrossFit Kötlu, segir alla geta stundað CrossFit. Áhersla sé lögð á heimilislegt andrúmsloft og passað upp á að iðkendur framkvæmi æfingarnar rétt.

„Iðkendur í CrossFit Kötlu eru á mjög breiðu aldursbili eða frá 16 til 65 ára. Kynjahlutfallið er 60% konur, 40% karlar. Ég er búinn að vera svo lengi í þessu að nú sé ég foreldra vera farna að taka unglingana með sér á æfingar. CrossFit er sport sem fólk á ólíku getustigi getur stundað saman en á jafningjagrundvelli," segir Brynjar. „Við viljum að fólki líði vel og höfum frekar lagt áherslu á heimilisbrag og góðan anda en keppnisæfingar þó við séum alltaf að vinna að því að fólki nái sínu besta formi. CrossFit er alhliða styrktar- og úthaldsþjálfun sem er byggð upp á breytilegum æfingum sem undirbúa líkamann fyrir áskoranir af hvaða tagi sem er. Það ættu allir að geta stundað CrossFit. Það er alltaf hægt að finna æfingar og hreyfingar sem henta hverjum og einum," segir Brynjar. Byrja ætti á að sækja grunnnámskeið í CrossFit til að læra undirstöðuatriði og rétta tækni.

## Grunnnámskeið að hefjast

„Það þarf að taka þriggja vikna grunnnámskeið í CrossFit áður en fólk fer að æfa. Námskeiðið er kennt þrisvar í viku þar sem farið yfir helstu atriði í CrossFit, beitingu líkamans í hinum ýmsu æfingum og hvernig fólk geti „skalað" æfingar sem framkvæmdar eru. Eftir það getur fólk mætt í Wod (Workout of the day)," útskýrir Brynjar.

Næsta grunnnámskeið hefst 8. ágúst, kostar 19.900 krónur og er septemberaðild innifalin.

„Tíu þjálfarar starfa á stöðinni, fimm karlar og fimm konur, sem öll eru með Level 1 eða Level 2 kennsluréttindi. Við stefnum á að fjölga þjálfurum með haustinu," segir Davíð Ólafsson, annar yfirþjálfari hjá CrossFit Kötlu, og bætir við að í boði verða rúmlega 50 tímar í viku þegar opnað verður í Lambhaga. „Þeir sem eru meðlimir í CrossFit Kötlu geta komið og notað aðstöðuna (svokallað open box), og æft sjálfir þegar engir tímar eru í sölunum. Stöðvarnar verða opnar til klukkan 22 mánudaga til fimmtudaga, til klukkan 21 á föstudögum og til klukkan 20 um helgar," segir Davíð.

Heimasíða Crossfit Kötlu er www.Crossfitkatla.is og Facebook-síðan www.facebook.com/CrossfitKatla/



Aðstaðan verður öll hin glæsilegasta í nýja húsnæðinu, gufa, heitir og kaldir pottar og barnagæsla svo fátt eitt sé nefnt. Í boði verða rúmlega 50 tímar í viku þegar opnað verður í Lambhaga í september. MYNDIR/SIGTRYGGUR ARI



Þeir sem eru meðlimir í CrossFit Kötlu geta komið og notað aðstöðuna og æft sjálfir þegar engir tímar eru í sölunum. Stöðvarnar verða opnar til klukkan 22 mánudaga til fimmtudaga, 21 á föstudögum og 20 um helgar.



Sækja þarf þriggja vikna grunnnámskeið áður en fólk fer að æfa CrossFit. Kennt er þrisvar í viku og hefst næsta grunnnámskeið þann 8. ágúst.



„CrossFit er sport sem fólk á ólíku getustigi getur stundað saman en á jafningjagrundvelli," segir Brynjar. Áhersla er lögð á heimilislegt andrúmsloft þó að ávallt sé unnið að því að fólk nái sínu besta formi.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

# Við mælum með …

Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan, mælir með nokkrum bætiefnum, jurtum og náttúrulegum vörum sem geta gefið þetta litla auka sem stundum þarf til að bæta heilsufarið.




Apple Cider fyrir bætta meltingu, jafnari blóðsykur og lægri blóðþrýsting. Í næstum hálfa öld hefur epladedik verið kynnt og selt sem heilsubætandi „elexír“. Einnig er talað um að það hjálpi til við þyngdartap og hindri fjölgun sumra baktería í líkamanum. Apple Cider töflurnar frá New Nordic innihalda, auk 1000 mg af epladediksdufti, ætiþistil, túnfífil og kólín sem hjálpa til við niðurbrot á fitu og styðja við lifrarstarsemi. Inntaka á eplaedikstöflunum er ekki bara góðar fréttir fyrir þá sem eiga erfitt með að taka það í vökvaformi vegna bragðs, heldur líka fyrir tennurnar.




Femarelle fyrir konur sem eru að komast á breytingaskeiðsaldur eða eru að kljást við einkenni þess. Kvensjúkdómalæknar mæla í auknum mæli með Femarelle sem fyrstu meðferð gegn einkennum breytingaskeiðsins og að auki hafa klíniskar rannsóknir sýnt fram á að beinþéttni eykst vegna efnasambandsins DT56a sem er í Femarelle.




Brizo fyrir karla sem eiga í vandræðum með þvagblöðruna, hvort sem það eru erfiðleikar við tæmingu eða truflun á nætursvefni vegna tíðra þvagláta. Ástæðan gæti verið stækkaður blöðruhálskirtill en rannsóknir hafa sýnt að með þriggja mánaða inntöku á Brizo™ hefur blöðruhálskirtill minnkað töluvert.




Melissa Dream fyrir dýpri slökun og værari svefn. Sítrónumelissa hefur verið notuð í aldaraðir til að bæta svefn og draga úr kvíða og hér er hún ásamt amínósýrunni L-theanine en rannsóknir hafa sýnt að hún hefur bein áhrif á heilann þar sem hún stuðlar að slökun án þess að hafa sljóvgandi áhrif. Fátt er heilsusamlegra en góður nætursvefn.




Gandur fyrir þurra og sprungna húð, exem og og psoriasis. Handabót, Sárabót og Hælabót eru mögnuð krem og smyrsl, framleidd úr minkaolíu og handtíndum íslenskum jurtum. Minkaolían inniheldur mikið magn af omega 7 sem er afar nærandi fyrir húðina og örvar einnig endurnýjun húðfruma. Smýgur vel í húðina og er einstaklega græðandi. 100% náttúrurlegar vörur frá Íslandi.




Acid Soothe er náttúruleg lausn gegn brjóstsviða og öðrum áþekkum vandamálum. Auk ensíma og jurta inniheldur Acid Soothe sink carnosine sem sem reynist afar vel gegn ýmsum magavandamálum; bólgum, gróanda og í þessu tilfelli er það sérstaklega hugsað til þess að styrkja slímhúð magans. Eitt hylki í lok máltíðar gerir lífið bara betra og getur komið í veg fyrir mikil óþægindi, uppþembu og jafnvel svefnvandamál.




Yes sleipiefni fyrir meiri unað í kynlífinu. Yes er lífrænt og bæði til með olíubasa og vatnsbasa en það síðarnefnda klístrast ekki og má nota með verjum. Það hentar einnig konum með þurrk í slímhúð/leggöngum sem er m.a. þekktur fylgikvilli krabbameinsmeðferða. Yes inniheldur engin aukaefni né efni sem geta verið skaðleg fyrir slímhúðina og má nota bæði innvortis sem og útvortis.




Bio Kult Candéa fyrir þarmaflóruna og ónæmiskerfið. Mjólkursýrugerlar ásamt hvítlauk og greipaldinkjarnaþykkni (GSE) sem hafa góð áhrif á meltinguna og hjálpa til við að drepa niður gersveppinn Candida albicans. Heilbrigð þarmaflóra þýðir öflugt ónæmiskerfi.




pH-strips til að mæla sýrustig líkamans.. Ef pH-gildi líkamans er ekki rétt eru meiri líkur á að við þjáumst af ýmiss konar kvillum. Til viðmiðunar þá er hreint vatn með gildið 7 (pH 7), sem er alveg hlutlaust. Þvagið okkar er oft örlítið súrara og þá sérstaklega á morgnana. Þegar sýrustigið er mælt er annaðhvort að pissa á strimilinn eða dýfa honum í hreint þvag í þrjár sekúndur. Liturinn kemur strax í ljós en hann segir til um sýrustigið. Æskilegast er að vera á bilinu 6,5-7,5. Í pakkanum eru u.þ.b. 132 prufur þannig að hann nýtist vel og lengi.




Digestive Gold fyrir góða meltingu. Öflug og náttúruleg meltingarensím sem hjálpa til við niðurbrot fæðunnar og geta þau hreinlega gert kraftaverk fyrir þá sem kljást við ýmiss konar meltingarvandamál. Gold inniheldur einnig ATpro, Q-10 og magnesium sem gefur okkur orku og ýtir undir þarmahreyfingar. Gerir daginn betri og alveg nauðsynlegt í ferðalagið.

# Velgengnin kveikti neista

Birta Líf Þórarinsdóttir keppir í flokki 14-15 ára á heimsleikunum í CrossFit í ár. Hún segir að sér hafi gengið betur í CrossFit en hún bjóst við og það hafi kveikt neista sem dreif hana á leikana í ár.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Birta Líf Þórarinsdóttir er ein þeirra Íslendinga sem taka nú þátt í heimsleikunum í CrossFit, en Birta keppir í flokki 14-15 ára. Birta hefur stundað íþróttir árum saman en byrjaði í CrossFit fyrir um einu og hálfu ári og hefur þegar unnið Íslandsmeistaratitil í sínum flokki.

Birta segist ekki hafa mikinn tíma fyrir annað en CrossFit. „Ég eyði þeim litla tíma sem ég hef í að vinna í barnagæslunni í CrossFit Reykjavík,“ segir hún. „Svo reyni ég að eyða tíma með fjölskyldunni og vinunum.

Ég hef stundað íþróttir í mörg ár. Ég prófaði fótbolta, eins og flestir, en byrjaði svo í fimleikum og stundaði þá heillengi og vann þrjá Íslandsmeistaratitla í hópfimleikum,“ segir Birta. „Svo byrjaði ég í CrossFit og ólympískum lyftingum fyrir einu og hálfu ári þegar vinur pabba plataði mig með sér á æfingu og eftir það hef ég ekki hætt. Í ár vann ég síðan Íslandsmeistaratitil 15-16 ára stúlkna í CrossFit og ólympískum lyftingum.“

## Þetta er bara byrjunin

Birta ákvað að taka þátt í heimsleikunum í ár vegna þess að í fyrra gekk henni svo vel í undankeppninni fyrir sjálfa undankeppni leikanna. „Ég ákvað að taka þátt bara til að hafa gaman og það gekk miklu betur en ég bjóst við, en samt ekki nógu vel til að komast í undankeppnina sjálfa,“ segir hún. „Eftir það kviknaði einhver neisti í mér og mig fór að langa að fara á leikana. Þá ákvað ég að gera þetta af fullum krafti!“

Birta er mjög spennt fyrir þátttökunni á heimsleikunum. „Undirbúningstímabilið fyrir leikana er búið að vera ótrúlega skemmtilegt, þannig að ég get ekki beðið eftir því að fá að komast á keppnisgólfið,“ segir hún.

Henni finnst ekki ógnvekjandi að ferðast alla leið til Wisconsin í Bandaríkjunum til að keppa á svona risastóru móti. „Ég er frekar vön því að fara í keppnisferðir út af fimleikunum, þannig að ég er meira spennt frekar en að finnast þetta ógnvekjandi,“ segir hún.



Birta Líf Þórarinsdóttir er spennt fyrir því að safna reynslu á heimsleikunum í CrossFit.





Birta byrjaði í CrossFit og ólympískum lyftingum fyrir um einu og hálfu ári og hefur ekki hætt síðan. MYND/INSTAGRAM



Birta stundaði fimleika árum saman og hefur unnið þrjá Íslandsmeistaratitla í hópfimleikum. MYND/INSTAGRAM

> „Ég ákvað að taka þátt bara til að hafa gaman og það gekk miklu betur en ég bjóst við.

Í ár vonast Birta til að safna reynslu fyrir frekari keppni í CrossFit. „Þetta hljómar kannski ótrúlega klassískt, en markmiðið er að gera mitt allra besta og hafa ótrúlega gaman en á sama tíma að safna eins mikilli reynslu og ég get fyrir komandi leika,“ segir hún. „Þetta er bara byrjunin.“

Birta dregur að sjálfsögðu innblástur frá íslensku CrossFit „dætrunum“ og hún vonast til að feta í fótspor þeirra. „Íslensku dæturnar eru klárlega mínar helstu fyrirmyndir,“ segir hún. „Þær sönnuðu fyrir mér að draumurinn um að komast á leikana geti ræst.“



LÖGREGLAN

Hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu starfa um 400 manns, bæði lögreglumenn og borgaralegir starfsmenn, og sinna þeir fjölbreyttum verkefnum. Fjórar lögreglustöðvar eru í umdæminu. Embættið leggur mikla áherslu á jafnrétti og að öllum líði vel í starfi.

